ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 4. nóvember 1998 • 44. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Halldór Blöndal samgönguráðherra klippir á borða til merkis um að brúin sé formlega vígð. Til aðstoðar Halldóri við verkið voru þeir Gunnar Birgisson og Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri. *Ljósmynd: Ármann Kristinsson.*

Mesta sjávarfylling í íslenskri vegagerð

Vegurinn yfir Gilsfjörð styttir leiðina um 17 km

Langþráðum áfanga í samgöngumálum Vestfirðinga var náð þegar vegurinn yfir Gilsfjörð var opnaður fyrir almennri umferð sl. föstudag.

Hér er fremur talað um veg yfir Gilsfjörð en brúna yfir Gilsfjörð, vegna þess að vegurinn sem lagður hefur verið stranda á milli er 3,7 kílómetrar en brúin sjálf er aðeins 65 metrar. Hér er um að ræða mestu sjávarfyllingu í vegagerð til þessa. Framkvæmd þessi styttir leiðina milli landshluta um 17 km, en það eru „langir kílómetrar“ eins og Halldór Blöndal samgönguráðherra orðaði það við vígsluna á föstudag, vegna þess að vegurinn fyrir Gilsfjörð hefur jafnan verið slæmur og mikill farartálmi og mannskaðaleið á vetrum.

Senn eru tveir áratugir liðnir frá því að Austur-Barðstrendingar og Dalamenn fóru að knýja á að ráði um vegagerð yfir Gilsfjörð milli Kaldrana og Króksfjarðarness. Ástæðan var ekki síst sú, að læknar Heilsugæslustöðvarinnar í Búðardal sinna jafnframt læknisþjónustu í Austur-Barðastrandarsýslu. Einn af öflugustu baráttumönnum framkvæmdarinnar var Sigurbjörn Sveinsson, þáverandi heilsugæslulæknir í Búðardal.

Verktaki var Klæðning hf. undir framkvæmdastjórn Gunnars I. Birgissonar, sem einnig annaðist gerð varnargarðanna við Flateyri. Verkið reyndist að ýmsu leyti torsóttara viðfangs en gert hafði verið ráð fyrir í útboði, en þrátt fyrir það skilar verktakinn af sér hinum nýja Gilsfjarðarvegi allmiklu fyrr en tilskilið var.

Fréttamaður, kennari, kvikmyndagerðarmaður, pjanóleikari og lögga...

– sjá viðtal við Finnboga Hermannsson í miðopnu

Ungbarnasund hjá Margréti

– örvar hreyfiþroskann og eflir sjálfstraust. Sjá nánar bls. 4.

CindeRella
skórnir komnir
Ný peysusending
frá Fransa

JÓN og GUNNA
Ljóninu • Skeiði • Sími 456 3464

FRÁBÆRU FIXONI
NÁTTFÖTIN FÁST
Í LEGG OG SKEL
OPIÐ Í HÁDEGINU!

LEGGUR OG SKEL
fataverslun barnanna
Ljóninu • Skeiði • Sími 456 4070

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

Uppvakningur

Þegar húsbréfakerfið yfirtók kolsprungið kerfi Húsnæðisstofnunar ríkisins fyrir u.þ.b. áratug lenti stofnunin í miklum vanda þar sem hún var engan veginn í stakk búin til að takast á við þau verkefni, sem breytingunni fylgdi.

Á haustdögum 1990, þegar upp úr sauð með vandræðaganginn og hrjáðir kaupendur biðu mánuðum saman eftir afgreiðslu, var leitað eftir liðsinni bankanna. Í umræðunni þá var því slegið fram hér hvort ekki væri tímabært að hefja undirbúning stærra skrefs og láta bankana yfirtaka Húsnæðisstofnunina að fullu og öllu. „Bankakerfið hefur til þess alla burði og þjóðfélagið má vel við að það verði einni yfirbyggingunni færra", sagði BB í leiðara um Húsnæðisstofnun í vanda í sept. 1990.

Dagar Húsnæðisstofnunar ríkisins eru senn taldir. Ákvörðun stjórnvalda um að leggja hana niður var skynsamleg. En það var dæmalaus vitleysa að búa til annað apparat í staðinn, Íbúðalánasjóð. Skrefið átti að stíga til fulls, fela bönkum og sparisjóðum verkefnið. Það þarf ekki sérstaka stofnun, yfirfulla af rándýrum sérfræðingum, til reikna jafn einfalt dæmi og það hvort lána megi tilteknum einstaklingi fé til íbúðakaupa. Starfsfólki lánastofnana er treystandi fyrir því verki þótt á lágum launum sé. Og bankarnir hafa gott bókhaldskerfi, hafi mönnum ekki verið það kunnugt.

Vandséður er tilgangurinn í því að kasta Húsnæðisstofnun fyrir róða og búa til annað bákn í staðinn, sem af auglýsingu að dæma, eftir tugum sérfræðinga til vinnu, verður varla ódýrara fyrir lántakendur, en það sem fyrir var. Nema að tilgangurinn hafi óvart opinberast í sjónleiknum um ráðningu framkvæmdastjórans, sem slær við öllum fyrri metum í úreldingarleikfimi stjórnmálamanna og verður ekki bætt í bráð.

Veðdeild Landsbankans, fylgir í kjölfar Húsnæðisstofnunar. Útför hennar birtist í uppsögnum starfsmanna Veðdeildarinnar. Landsbankinn hyggst að vísu endurráða þetta fólk eftir þörfum, eins og það er orðað á þessum síðustu tímum. Enginn býst við að sérfræðingaskarinn, sem auglýst var eftir, sinni þeim störfum er starfsfólk Veðdeildarinnar hafði með höndum. Það er reyndar komið á daginn að svo verður ekki. Félagsmálaráðherra er byrjaður að skipta innheimtupakkanum. Og Páll sér um sína. Víðar er guð en í Görðum. Búnaðarbankinn er ekki bara á Sauðárkróki.

Uppvakningurinn Íbúðalánasjóður er týpískur gjörningur stjórnmálamanna, sem trúa því að þeir séu að reisa sér minnisvarða. Og þegar sá gállinn er á þeim halda þeim engin bönd, allra síst þegar kosningar eru á næsta leiti.

s.h.

ORÐ VIKUNNAR

Nóvember

Mánaðaheitin septem-ber, októ-ber, nóvem-ber og desem-ber merkja sjöunda, áttunda, níunda og tíunda mánuð ársins (sbr. oktopus – áttarma kolkrabbi o.s.frv.). En hvernig má þetta vera? Er ekki desember tólfti og síðasti mánuðurinn?

Að tali Rómverja hinna fornu var mars fyrsti mánuður ársins. Framangreindar nafngiftir eru í samræmi við það og hafa haldist, jafnvel þótt nú sé árið látið hefjast á janúarmánuði. En þetta skýrir hvers vegna febrúar er stystur mánaða: Árið var einfaldlega búið! Og þegar öðru hverju þarf að bæta við hlaupársdegi til leiðréttingar, vegna þess að eitt ár er aðeins meira en 365 dagar, er þá ekki eðlilegt að bæta honum við síðasta mánuðinn?

Uppkaupahús í Teigahverfi í Hnífsdal

Íbúum gert að yfirgefa húsin þegar í stað

Við athugun lögreglunnar á Ísafirði sl. sunnudag (1. nóvember) kom í ljós, að þá bjuggu enn fjölskyldur í tveimur af uppkaupahúsunum svonefndu í Teigahverfi í Hnífsdal, öðru við Smárateig og hinu við Fitjateig, þrátt fyrir þinglýsta kvöð um að slíkt sé óheimilt eftir 31. október. Í framhaldi af þessu lét lögreglustjóri umsvifalaust tilkynna íbúum húsanna formlega að þeim bæri að yfirgefa þau þegar í stað.

Vegna þess að byggðin á þessu hverfi er á yfirlýstu snjóflóðahættusvæði voru húsin keypt af fyrri eigendum þeirra fyrir almannafé, þ.e. fjármuni bæjarsjóðs Ísafjarðarbæjar með stuðningi Ofanflóðasjóðs, þar eð þeir hefðu ella setið uppi með svo til verðlausar eignir. Þau voru síðan boðin til sölu í þeim tilgangi, að hægt yrði að hafa af þeim einhverjar nytjar, en með þeirri kvöð að ekki mætti nota þau til íbúðar sex mánuði ársins. Þau hús sem þannig hafa verið seld hafa farið fyrir lítið brot þess sem talist hefði gangverð við eðlilegar aðstæður.

Í Teigahverfinu eru eingöngu nýleg einbýlishús. Annað þeirra húsa sem enn hafði ekki verið rýmt á tilsettum tíma um nýliðin mánaðamót var á sínum tíma selt á kr. 800.000 og þar af voru greiddar kr. 50.000 við undirritun kaupsamnings.

Bókasafn Bolungarvíkur

Ljósin slökkt

Norræn bókasafnavika verður í Bókasafni Bolungarvíkur sem og öðrum norrænum almenningsbókasöfnum dagana 9.-15. nóvember. Þema vikunnar er norræn fyndni.

Vikan hefst mánudaginn 9. nóv. með því að öll rafmagnsljós verða slökkt og kveikt á kertum í öllum almenningsbókasöfnum á Norðurlöndum samtímis. Síðan verður lesinn kafli úr Orminum rauða, sem nefnist: Hvernig þeir drukku út jólin hjá Haraldi blátönn.

Vinabær Ísafjarðar

Joensuu 150 ára

Bærinn Joensuu, vinabær Ísafjarðarbæjar í Finnlandi, heldur upp á 150 ára afmæli sitt í lok þessa mánaðar.

Í tilefni þess hefur fulltrúum Ísafjarðarbæjar verið boðið til Joensuu til að taka þátt í hátíðahöldunum.

Flugstöðin á Ísafirði

Vígslan tefst

Af ýmsum ástæðum hafa orðið tafir við fullnaðarfrágang flugstöðvarhússins á Ísafjarðarflugvelli, en þar hafa verið gerðar svo miklar endurbætur og breytingar að nánast er um nýja byggingu að ræða.

Áætlað hafði verið að hið nýja húsnæði yrði formlega vígt í síðasta mánuði, en eins og nú standa sakir er óvíst hvenær það verður.

Ísafjarðarbær

Of lítil heilsugæsluþjónusta í skólunum

Skólastjórar grunnskólanna í Ísafjarðarbæ telja að þjónusta heilsugæslunnar við grunnskólana sé of lítil. Nú er hjúkrunarfræðingur í 40% starfi í þjónustu við skólana á starfssvæði heilsugæslunnar, en skólastjórarnir benda á, að skv. upplýsingum frá Heilsugæslustöð Reykjavíkur sé það talið lágmark að skóli með 600-800 nemendur hafi eitt stöðugildi hjúkrunarfræðings.

Grunnskólinn á Ísafirði er nú einsetinn og í þeim skóla einum eru 550 nemendur samtímis, en það er breyting frá því í fyrra, sem tillit þarf að taka til varðandi heilsugæslu við skólann.

Hugleiðing fimm barna móður um vímuvarnamál

„Ekkert er sjálfgefið"

Hún:
„Mamma má ég fara út í kvöld?"
Mamman:
„Nei elskan – vertu nú heima í kvöld, þér veitir ekkert af því að slaka aðeins á. Þú hefur verið úti þrjú kvöld í þessari viku."
Hún:
„Æ, dísus mar, á ég þá að missa af vídeókvöldinu, – eða: „...plís mamma, bara í kvöld, af því stelpurnar ætla bara að labba um hverfið, eða..."
Og hvað gerist svo, segir mamman? *„Jæja þá, en þú verður komin heim klukkan 10 eða bjóddu stelpunum til þín, eða: Nei, þú verður heima í kvöld. Við getum haft það huggulegt, poppað og kannski leigt okkur vídeóspólu til að horfa á hérna heima."*

Smá tuð, en síðan eru allir glaðir!

Ég hef verið að velta því fyrir mér að undanförnu, hvernig hið fullkomna foreldri leikur hlutverk sitt. Þegar ég var að alast upp var ekki mikið verið að ræða barnauppeldi. Það var bara þarna, – börnin stækkuðu hvort sem var. Umræður um hömlulaust samfélag þar sem engar reglur og enginn agi var, heyrðust ekki mikið. Ég átti þess kost að alast upp úti á landi þar sem daglega lífið var tiltölulega einfalt og áhyggjur næsta dags voru ekki fyrir hendi. Að minnsta kosti ekki í huga barnsins.

Ég áttaði mig engan veginn á því að þetta kynni einhvern tíma að breytast. Það er eiginlega ekki fyrr en nú þegar ég hef eignast fimm börn og þau elstu eru að byrja að brjóta frelsismúra sína, að ég átta mig á því að hlutverk mitt sem foreldri er mér alls ekki meðfætt. Að minnsta kosti þar ég að hugsa um það hvern einasta dag og stundum oft á dag, hvað kemur næst. Ég hef alltaf haldið því fram að kærleikurinn kæmi fyrstur. Með honum getur maður kysst á „báttið, gefið faðmlag, hlustað af þolinmæði, reynt að skilja..."

Það er því miður ekki til nein patentlausn á því hvernig foreldrahlutverkið á að vera. Margir hafa reynt að skrifa það, en engum hefur tekist að skrifa hina fullkomnu forskrift. Á hvaða þætti á að

Þeim íbúum sem enn búa á snjóflóðahættusvæði í Hnífsdal hefur verið gert að rýma hús sín tafarlaust.

Sigríður Ragnarsdóttir skrifar

Takk fyrir frábært kvöld

Mig langar að setja á blað fáein þakklætisorð til 10. bekkinga grunnskólans á Ísafirði fyrir menningarkvöld, sem þau héldu í skólanum fimmtudagskvöldið 29. október.

Dagskráin var mjög fjölbreytt, frumsamin ljóð og sögur, tónlist af ýmsum toga, dans o.fl. og í hléinu voru bornar fram veitingar.

Það er í sjálfu sér fréttaefni að stór hópur 15 ára unglinga skuli haldi menningarkvöld, en það sem vakti sérstaklega athygli mína og aðdáun, var hversu vel var staðið að verki. Gestir voru boðnir velkomnir á hlýlegan hátt og borðum skemmtilega upp raðað í salinn, sem lýstur var með kertaljósum. Atriðin voru fjölbreytt og vel undirbúin, þótt eðlilegs taugaóstyrks gætti einstaka sinnum í flutningi, en flytjendur nutu ómælds stuðnings félaga sinna í salnum. Í kaffihléi nutu gestir góðra veitinga, sem unglingarnir færðu þeim á borðin og voru ósparir á að bjóða ábót. Að samkomunni lokinni mátti sjá hópinn taka saman stóla og borð og ganga frá í salnum með bros á vör og ekki annað að sjá en allir væru ánægðir.

Ég verð að viðurkenna að þótt ég hafi oft hrifist af ungu fólki, krafti þess og hugmyndaauðgi, þá kom mér skemmtilega á óvart í þetta sinn hin fallega framkoma unglinganna, kurteisins, ánægjusvipurinn á andlitunum og hið hrokalausa sjálfsöryggi í fasi þeirra.

Þetta var ánægjulegt kvöld, sem fyllti mann bjartsýni og trú á framtíðina.

Til hamingju krakkar, og takk fyrir mig.

-Sigríður Ragnarsdóttir.

Ísafjörður

Aðalstræti 32 rifið?

Til athugunar er, að Ísafjarðarbær kaupi húsið við Aðalstræti 32 á Ísafirði, sem skemmdist verulega í eldsvoða í haust, og láti rífa það.

Húsið er gamalt timburhús og stendur sem kunnugt er milli Björnsbúðar og gamla barnaskólahússins.

Til sölu eða leigu

Til sölu eða leigu er falleg 2ja-3ja herbergja íbúð á besta stað í bænum. Sérinngangur og útsýni yfir Pollinn.

Upplýsingar í símum 581 3856 og 456 5050.

HEILSUSTÚDÍÓIÐ SÓL OG FEGURÐ OG FÓTAAÐGERÐARSTOFAN SILFÁ

UNDIR SAMA ÞAKI AÐ TÚNGÖTU 3 Á ÍSAFIRÐI

Saman munum við kappkosta að bjóða upp á góða þjónustu í notalegu umhverfi

SÓL OG FEGURÐ

Agnes Ásgeirsdóttir.

- STRATA 3.2.1.
- VAXTARMÓTUN
- BODY GOLD SOGÆÐANUDD
- U.C.W. LEIR-VAFNINGAR
- ERGOLINE URBO POWER LJÓSABEKKIR (10 MÍN.)

Nóvembertilboð okkar er: 20 tímar í strata og 5 tímar í ljós á kr. 14.900.-

Opið alla virka daga frá kl. 08:00 til 21:00 og laugardaga frá kl. 10:00 til 18:00

SILFÁ



Sigríður Hreinsdóttir.

- FÓTAAÐGERÐ (VINN Á ÖLLU SIGGI, LÍKÞORNUM OG ÖÐRUM FÓTAMEINUM. KLIPPI OG ÞYNNI NEGLUR (EF ÞARF) HREINSA NAGLABÖND, NUDD).
- FÓTSNYRTING (RASP, KLIPPI, HREINSA NAGLABÖNDIN OG NUDDA)
- FÓTABAÐ - FÓTANUDD (SLÖKUNARNUDD)
- SPANGAMEÐFERÐ (SPENGI NIÐURGRÓNAR, INNGRÓNAR NEGLUR)
- SMÁAÐGERÐ (VINN EINGÖNGU Á LÍKÞORNUM, VÖRTUM EÐA ÖÐRUM SMÁ KVILLUM)

Opið alla virka daga frá kl. 09:00 til 14:00 og fimmtudaga frá kl. 17:00 til 22:00

Höfum til sölu ýmsar vörur svo sem:

Sokkabuxur frá Cosmopolitan – Baðolíur, sturtusápur og fl. frá Robert Wulf – Fótavörur frá Gehwol – Gjafakort að eigin vali – Gjafapakkar að eigin vali.

EINNIG HÖFUM VIÐ SETT SAMAN DEKURPAKKA, TILVALIÐ FYRIR ÝMSA HÓPA AÐ NÝTA SÉR OG EINNIG TILVALIN GJÖF TIL EINSTAKLINGA.

Dekurkonur laugardaginn 31. október! Númer 2 á glaðning hjá okkur!

TÍMAPANTANIR Í SÓL OG FEGURÐ Í SÍMA 456 5522

leggja áherslu? Hvernig á að setja reglur? Hvernig veit maður hvað er rétt og hvað er rangt í ákvörðunum sínum? Hvernig á að taka á því þegar grípur mann tilfinningin um að maður sé um það bil að missa töglin og hagldirnar á uppeldinu? Eða er þetta bara hinn stöðugi ótti við að missa barnið sitt út úr höndum sér á brautir sem maður er fullviss um að ekki séu þær réttu.

Það sagði einu sinni við mig strákur:

„Iss, ég var nú búinn að hafa hasskittið mitt í poka uppi á háalofti í marga mánuði þegar pabbi fattaði hvað var í gangi."

Það sagði líka einu sinni við mig mamma:

„Það er nú sem betur fer þannig með minn strák, að hann hefur alltaf verið svo rosalega á móti eiturlyfjum og hefur algjörlega látið þau vera. Ég skil samt bara ekki hvað það er sem er að honum."

Þessi strákur var búinn að vera í stífri E-töflu neyslu um eins árs skeið.

Hvar er barnið þitt þegar það er ekki í skólanum?

Er það með þér?

Eða er það kannski hjá vinum?

Ertu viss?

Hvaða vinum?

Það er staðreynt að það er ekki allt sjálfgefið. Það er ekki sjálfgefið að ala heilbrigð börn. Það er ekki sjálfgefið að þau komist til manns. Það er ekki sjálfgefið að þau verði nákvæmlega eins og maður hefði óskað sér.

Ekkert er sjálfgefið!

Það er heldur ekki sjálfgefið að barnið manns sleppi við þær hremmingar sem því miður virðast vera að ná tökum á æ fleiri ungmennum í þessu litla landi okkar. Nýlegar kannanir sýna að stöðugt fleiri unglingar leitast við að firra sig raunveruleikaskyni sínu með því að nota eiturlyf. Fyrir mér eru eiturlyf líka sígarettur og áfengi, ekki bara E-taflan, hass, amfetamín, eða spítt.

Hvað er það í barninu mínu, – eða þínu, sem gerir það að verkum að það er ekki reiðubúið að takast á við lífið, – upplifa það eins og það kemur fyrir? Hvernig stendur á því að löngunin meðal ungs fólks til að upplifa fegurð heimsins í öllum sínum myndum fer stöðugt dvínandi?

Hvað er það sem vantar?

Mig langar til að biðja ykkur kæru foreldrar sem þetta lesið, að mynda í huganum með mér breiðfylkingu sem tekur á sig þá ábyrgð sem henni ber skylda til. Það er ekki eðlilegt að tólf ára barn reyki. Það er ekki eðlilegt að fjórtán ára barn sé farið að drekka eða reykja hass. En ef slíkt reynist vera, þá er mikilvægt að finna leið sem kippir barninu aftur á beinu brautina áður en stóri skaðinn er skeður.

Við sem erum úti á vinnumarkaðinum, viljum taka þátt í félagslífinu, viljum sinna fjölskyldunni, viljum hafa heimilið fínt, viljum fylgjast með þjóðmálunum, við höfum ekki endalausan tíma. En þegar upp er staðið er það heill og hamingja fjölskyldunnar sem skiptir grundvallarmáli. Allt annað kemur á eftir.

Ef okkur tekst að koma börnum okkar til manns sem hamingjusömum, hugsandi og skapandi einstaklingum, veitir það okkur þá fullnægju sem dugir til þess að við getum framkvæmt allt hitt sem á listanum er. Gagnkvæm samskipti við börnin okkar, kærleikur, snerting, agi og leiðsögn þurfa að blandast með eðlilegum hætti við eigið innsæi í uppeldishlutverkinu.

Ég held að fæst okkar geti hugsað þá hugsun til enda að sjá á eftir börnum sínum í opið gin eiturdrekans sem stækkar og unir glaður við sitt, bara ef hann fær gott að éta. Verið vakandi fyrir umhverfi ykkar, kynnist vinum barna ykkar, tryggið traustið til þeirra, spyrjið þau, spyrjið aðra foreldra og hikið ekki við að opinbera allt sem ykkur finnst ekki vera í lagi. Ekkert okkar er fullkomið. Látum ekki sektarkennd og óöryggi ná tökum á okkur, en styðjum þess í stað hvert annað með ráðum og dáð til að gera samfélagið okkar að því samfélagi sem við viljum afhenda framtíð þessa heims.

-Soffía Vagnsdóttir.

Ung-barna-sund

– ÖRVAR HREYFIÞROSKANN OG EFLIR SJÁLFSTRAUST

Það mun aðeins vera rúmlega áratugur frá því að ungbarnasund var fyrst kynnt á Íslandi. Þá kom hingað maður frá Noregi og flutti fyrirlestra um þetta efni og upp úr því var farið af stað með námskeið í Reykjavík.

Undanfarin ár hefur sundkonan Margrét Halldórsdóttir úr Bolungarvík verið með námskeið í ungbarnasundi á Ísafirði, en á undan henni var Ólafur Þór Gunnlaugsson sundþjálfari með slík námskeið hér. „Hann byrjaði mjög snemma með strákinn sinn í slíku sundi“, segir Margrét í samtali við blaðið, „og fór síðan að halda námskeið fyrir almenning árið 1992. Fyrir tíu árum eða svo sá maður myndir frá Rússlandi þar sem verið var að dýfa ungbörnum í ískalt vatn, hreinlega ofan í vakir á ísilögðum vötnum, en hér er laugarvatnið í ungbarnasundinu yfirleitt 32-35 gráður. Annars er ekkert mál að vera með þau í kaldara vatni. Á sínum tíma var ég með mína stelpu í 29 stiga heitri laug.“

Margrét er nú á þriðja og síðasta ári í fjarnámi í Kennaraháskóla Íslands og lýkur kennaraprófi í vor með stærðfræði sem aðalgrein en einnig íþróttir og sund. Um þessar mundir er hún í æfingakennslu í Grunnskólanum á Ísafirði. Hún hefur verið sundþjálfari hjá Sundfélaginu Vestra á Ísafirði undanfarin ár og var yfirþjálfari hjá félaginu í fyrra, en minnkaði við sig þjálfunina í vetur vegna námsins. Nú er Margrét fyrst og fremst eins konar tengiliður milli hinna þjálfaranna, en hún hefur stundað lengst sundþjálfun þeirra sem nú eru hjá Vestra. „Það gekk hreinlega ekki að vera í hundrað prósent starfi sem sundþjálfari, hundrað prósent í kennaranámi og hundrað prósent sem móðir. Ég vildi frekar minnka við mig og skila í staðinn betur því sem ég geri. Maður vill helst gera allt vel og það varð einhvers staðar að skera niður.“

Margrét er gamall keppnismaður í sundi (þó hún sé langt frá því að vera gömul í venjulegum skilningi þess orðs), alin upp í lauginni að heita má frá því að sundlaugin kom í Bolungarvík þegar hún var sjö ára og æfði og keppti í sundi fram undir tvítugt. Þegar hún var 23ja ára fór hún með dóttur sína, frumburðinn, í ungbarnasund hjá Ólafi Þór sem þá var sundþjálfari hjá Vestra á Ísafirði og byrjaði með ungbarnasundið hér. Hún heillaðist af því og var með stúlkuna sína í sundi undir handleiðslu Óla þangað til hún var rúmlega tveggja ára,

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 39: 201 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **innb. bílskúr. Húsið nýmál-að, nýtt þak. Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 13,500,000,-**
Fagraholt 5: 140,6 m² einbýlishús á einni hæð í mjög góðu standi ásamt **bílskúr**
Verð kr. 11,500,000,-
Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 5,8 millj.**
Verð kr. 11,600,000,-
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,7 millj. Laust strax**
Verð kr. 12,000,000,-
Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt **22,4 m² bílskúr. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 9,500,000,-**
Heiðarbraut 6: 133,3 m² einbýlishús á einni hæð **ásamt bílskúr. Ekkert áhvílandi. Skipti á eign á Ísafirði möguleg**
Verð kr. 10,700,000,-
Heiðarbraut 12: 221 m² einbýlis-hús á tveimur hæðum. **Má gera að tveimur sjálfstæðum íbúð-um Verð kr. 10,500,000,-**
Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Fallegt útsýni**
Tilboð óskast
Hjallavegur 19: 242 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. **Áhv. ca. 5 millj. Verð kr. 10,500,000,-**
Hlíðarvegur 31: 130 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt bílskúr. Húsið er nær allt uppgert að utan sem innan. **Mjög gott útsýni.**
Verð kr. 10,700,000,-
Hnífsdalsvegur 13: 160 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og geymsluháalofti. **Áhv. ca. 1,7 millj.**
Verð kr. 5,300,000,-
Kjarrholt 2: 173,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt góðum tvöföldum bílskúr. **Áhv. ca. 3,7 millj.**
Verð kr. 13,200,000,-
Móholt 3: 142,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. **Áhv. ca. 2,3 millj.**
Verð kr. 11,000,000,-
Tangagata 15b: 103 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt geymsluskúr (nýtist sem herbergi). **Laust fljótl. Áhv. ca. 3,3 millj. Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 26: 236.9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. **Ekkert áhvílandi Verð kr. 11,800,000,-**
Urðarvegur 27: 190,5 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt **bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögul. Verð kr. 13,500,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Fjarðarstræti 32: 112,7 m² 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt **bílgeymslu**
Verð kr. 5,900,000,-
Fjarðarstræti 38: 130 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,4 millj. Möguleiki á lánum að fjárhæð 4,9 millj. Verð kr. 7,000,000,-**
Hjallavegur 12: 113,9 m² 4-5 herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,9 millj.**
Verð kr. 5,500,000,-
Seljalandsv. 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á efri hæð í tvíb.húsi ásamt **bílskúr. Íbúðin mikið uppgerð. Áhv. ca. 5,2 millj. Verð kr. 10,700,000,-**
Tangagata 8a: 106,5 m² 4-5 herbergja íbúð á þremur hæðum
Tilboð óskast

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98 m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 4,2 millj.**
Verð kr. 7,200,000,-
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 1,8 millj.**
Verð kr. 3,000,000,-
Fjarðarstræti 13: 80 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Tvö **aukaherbergi**, eitt í kjallara og eitt í risi. **Áhv. ca. 2,7 millj.**
Verð kr. 5,700,000,-
Sólgata 8: 80 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. **Möguleg skipti á stærri eign. Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 5,800,000,-**
Stórholt 7: 76 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölþýlishúsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 2 millj.**
Verð kr. 4,800,000,-
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Verð kr. 6,000,000,-**

Pólgata 6:
55 m² risíbúð á 3. hæð í fjölb.húsi ásamt **geymslu** í kjallara. **Mikið endurnýjuð. Góð kjör - STÓRLÆKKAÐ VERÐ kr. 2,900,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Grundargata 2: 50,5 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi
Verð kr. 3,800,000,-
Hlíðarvegur 18: 64,5 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,7 millj. Tilboð óskast**
Túngata 18: 53,4 m² íbúð á jarðhæð í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu.**
Verð kr. 4,300,000,-
Túngata 20: 53,4 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi í **góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Áhv. ca. 2 millj.**
Verð kr. 4,900,000,-
Urðarvegur 78: 73,2 m² íbúð á 3ju hæð f.m. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. **Íbúðin er laus strax. Áhv. ca. 2,7 milj. Öll tilboð skoðuð.**
Verð kr. 5,000,000,-

Bolungarvík

Vitastígur 9: 150 m² Sér íbúð, gerð úr tveimur íbúðum á efri- og neðri hæð í 4ra íbúða húsi. **Sér inngangur. Falleg lóð**
Verð kr. 6,700,000,-
Búðarkantur 2: 205 m² Lager/atvinnuhúsnæði á **góðum stað við höfnina, byggt úr stálgrind, járnklætt og einangrað**
Verð kr. 10,000,000,-

en þá fluttist hann suður. „Ég lærði mjög mikið af honum. Þegar hann var farinn komu nokkrir foreldrar að máli við mig og spurðu hvort ég gæti ekki tekið þetta að mér. Það var árið 1994. Ég var treg til þess og fannst ég ekki kunna nógu mikið. Sjálf eignaðist ég annað barn þetta sama ár og vinkona mín og ég fórum með börnin okkar í laugina á Fjórðungssjúkrahúsinu og vorum að busla þar. Svo fór ég til Reykjavíkur til Óla í mars 1996 og fylgdist með honum þegar hann var að kenna ungbarnasund og reyndi að læra af honum um allt sem hann kunni.

Þegar ég kom vestur aftur safnaði ég saman átta mæðrum – það voru bara mæður þá, þó að það hafi komið fyrir að feður hafi komið með börnunum – og við vorum saman í sundi með börnin í fimm-sex skipti í Sundhöllinni. Síðan auglýsti ég námskeið og var með það í lauginni uppi á Fjórðungssjúkrahúsi. Þar er laugin lítil og dálítil þrengsli í klefunum, en hún er miklu skemmtilegri en í Sundhöllinni og lægra til lofts. Í Sundhöllinni er meira bergmál og þar verður oft svolítill loftkuldi. Síðan hef ég alltaf verið með námskeið uppi á Fjórðungssjúkrahúsi.“

Heppilegt er að börnin byrji í ungbarnasundinu um þriggja til sex mánaða aldur. „Ég hef reyndar tekið börn allt niður í rúmlega tveggja mánaða, en það fer allt eftir stærð og styrk barnsins. Þau verða helst að halda höfði áður en þau koma og vera orðin fimm kíló á þyngd. Ég hef líka tekið allt upp í níu mánaða börn í byrjendanámskeið og það hefur alveg gengið. Svo eru framhaldsnámskeið fyrir eldri krakka sem hafa áður verið í ungbarnasundinu, alveg upp í rúmlega tveggja ára. Það er mjög skemmtilegt.“

Margrét tekur fram, að þetta sé aðeins ein þeirra leiða sem fólk getur valið til þess að þjálfa hreyfiþroska barna sinna og styrkja tengsl þeirra við foreldrana. „Ég er engin öfgamanneskja í þessum efnum og held því ekki fram að þetta sé endilega það eina rétta fyrir börnin. En þetta er einn möguleikinn og hann er að mínu mati ákaflega góður. Þarna fá börnin nána samveru við móður sína eða föður, auk sem þetta örvar hreyfiþroskann. Það má vissulega gera líka með öðrum hætti, en hreyfiþroskinn er örastur á fyrsta árinu. Barn sem liggur í vöggu eða á teppi nær ekki að gera nærri allar hreyfingar sem við hjálpum því að gera í lauginni. Og svo er köfunin, sem er þolþjálfun. Börnin fara í kaf og draga ekki að sér andann eins og við gerum áður en við köfum, þannig að þau þjálfast í því að nýta sem best það súrefni sem fyrir er í líkamanum. Það er mjög góð þolþjálfun fyrir þau.“

Margrét Halldórsdóttir með eitt af börnunum í ungbarnasundinu sem hún hefur staðið fyrir að undaförnu.

Eitt af því mikilvægasta í ungbarnasundinu er það, hvernig börnin læra að treysta foreldrum sínum með því að fara með þeim í laugina. „Þetta styrkir tengslin og barnið verður öruggara með sig. Börn á aldrinum þriggja til sex mánaða eru yfirleitt aldrei vatnshrædd, en þegar þau eru orðin átta-níu mánaða gömul gera þau ýmislegt fyrir mömmu sína sem þau vilja ekki gera fyrir mig“, segir Margrét.

„Ungbörnin eru ákaflega ólík hvert öðru að upplagi og það verður að koma fram við þau sem einstaklinga en ekki hóp, ekkert síður en í þjálfun eldra sundfólks. Ég hef alltaf verið í sambandi við Óla Þór og líka farið og fylgst með öðrum sem kenna ungbarnasund, bæði í Reykjavík og Hafnarfirði. Maður verður alltaf að hafa einhverja aðra til að bera sig saman við og gæta þess að einangrast ekki.“

– Er alltaf nóg framboð af ungbörnum hér vestra?

„Já, það virðist fæðast alveg nóg af börnum. Síðustu tvo vetur hef ég meira að segja verið með biðlista inn á námskeiðin. En ég vil að allir sem áhuga hafa á að kynnast þessu fái tækifæri til þess. Ég hef verið með börn frá Súðavík og Suðureyri og alveg heilmikið af börnum úr Bolungarvík. Á þeim tveimur námskeiðum sem nú eru í gangi er nærri helmingurinn úr Bolungarvík“, segir Margrét.

Hlynur Snorrason, Móholti 8 á Ísafirði skrifar

Opið bréf til skólastjóra, kennara og annars starfsfólks Grunnskólans á Ísafirði

Ísafirði 27. október 1998.

Hr. skólastjóri,
Kristinn Breiðfjörð.

Ég vil með bréfi þessu segja þér og starfsfólki þínu hversu þakklátur ég er fyrir það metnaðarfulla starf sem unnið er í Grunnskólanum á Ísafirði. Ég er ákaflega stoltur af því að eiga tvö börn í skólanum. Ég reyni að fylgjast með starfi þeirra þar og verð áþreifanlega var við að þar leggja kennarar sig fram við starf sitt.

Nú á dögum er það krafa ábyrgra foreldra að börn þeirra eigi kost á eins góðum skóla og völ er á. Þar geti börnin notið leiðsagnar metnaðarfullra kennara, þar sé góður agi og börnum sé leiðbeint í mannlegum samskiptum. Að sjálfsögðu má ekki leggja allt þetta einvörðungu á herðar skólanna því foreldrarnir bera, jú fyrst og fremst ábyrgð á uppeldi barna sinna. Hins vegar er gott til þess að vita að þegar foreldranna nýtur ekki við á daginn fái börnin fullkomna leiðsögn, þar séu hlutirnir í góðu lagi.

Eitt af því marga sem fær mig til að fyllast stolti þegar Grunnskólinn á Ísafirði er nefndur á nafn er vinna kennara og nemenda í þemavikunni 12. til 16. október sl. Ég, eins og svo margir aðrir foreldrar, fengum að njóta hluta þess efnis sem unnið var með í þeirri viku. Um var að ræða þemavinnu þar sem yngri nemendur tóku fyrir ,,hafið” og þeir eldri tóku fyrir ,,vímuefnaforvarnir”. Það var virkilega gaman að sjá hversu mikla og vandaða vinnu nemendur og kennarar höfðu lagt í þessa þemaviku. Ég færi ykkur, nemendur og kennarar þakkir fyrir skemmtilega dagskrá.

Það mátt þú, herra skólastjóri, vita að það skiptir mig miklu máli hvernig þér og starfsfólki þínu tekst til með starfið í skólanum. Ég get einnig sagt þér að það eru margar ástæður fyrir því að ég bý hér með fjölskylduna mína. Framúrskarandi grunnskóli er ein af þeim.

Gott skólafólk! Hafið þakkir fyrir fagmennskuna og verkin ykkar, haldið áfram á þessari braut.

Með vinsemd
og virðingu,
Hlynur Snorrason,
Móholti 8, Ísafirði.

Skólahúsið á Hólmavík 50 ára

Menntamálaráðherra á afmælisfagnaðinum

Afmælisfagnaður var haldinn á Hólmavík um síðustu helgi í tilefni þess, að fimmtíu ár voru í haust liðin frá því að kennsla hófst þar í nýju skólahúsi með fjórum kennslustofum. Fyrst var rekinn skóli á Hólmavík veturinn 1910-1911. Árið 1913 var svo reist sérstakt skólahús, sem einnig var notað sem samkomuhús áratugum saman.

Nýja húsið sem tekið var í notkun haustið 1948 er nú orðið nokkuð gamalt, en gegnir enn upprunalegu hlutverki sínu og byggt hefur verið við það síðan.

Afmælisfagnaðinn sótti mikill fjöldi fólks; auk gamalla kennara og fjölmargra gamalla nemenda sem margir hverjir komu langt að var Björn Bjarnason menntamálaráðherra meðal gesta, svo og sumir af þingmönnum Vestfirðinga.

Hátíðin var haldin í Félagsheimilinu á Hólmavík. Á sviðinu var heljarstór mynd af hinu fimmtuga skólahúsi sem grunnskólanemendur máluðu.

Vígþór Jörundsson frá Hellu í Steingrímsfirði, sem mjög lengi var skólastjóri á Hólmavík (t.v.) afhendir Skarphéðni Jónssyni, núverandi skólastjóra Grunnskóla Hólmavíkur, bréfsefnishaus fyrir skólann sem hann teiknaði. Hausnum fylgdi frumort kvæði.

Á línunni hjá Hlyni Þór

Jóhannes Bjarni Guðmundsson, fréttamaður

Úr fréttum á Fokker

Jói Baddi? Er það rétt, að þú sért að hætta hjá Sjónvarpinu og fara í staðinn að stjórna Fokker?

Það stemmir.

Og hvenær byrjarðu?

Ég byrja í þjálfun á Fokker 50 um næstu mánaðamót. Hún tekur nokkrar vikur, bæði hér heima og í flughermi erlendis.

Flýgurðu þá aðeins á ákveðnum leiðum, eins og t.d. hingað til Ísafjarðar, eða hvert á land sem er?

Ég verð á öllum leiðum, bæði innanlands og til Grænlands og Færeyja.

Hvenær laukstu flugnáminu?

Ég lauk því í fyrra og kláraði þá líka flugkennararéttindi og hef verið að vinna sem flugkennari ásamt því að starfa sem fréttamaður á útvarpi og sjónvarpi. Ég sótti svo um flugmannsstarf í sumar þegar auglýst var. Það var löng bið eftir niðurstöðu og í millitíðinni var ég ráðinn í ársstöðu hérna á Sjónvarpinu. En stuttu eftir að gengið var frá því var mér boðið flugmannstarf sem ég ákvað að taka og fæ lausn hjá Sjónvarpinu í lok þessa mánaðar.

Er ekki fremur óvenjulegt að geta valið á milli atvinnuflugmannsstöðu og fréttamannsstöðu hjá Sjónvarpinu?

Sjálfsagt er það.

Þér býðst ekki líka starf fiðluleikara hjá Sinfóníunni?

Nei, ég hef ekki verið nógu duglegur á þeim vettvangi. Það hefur dregið mjög úr spilamennskunni hjá mér. Það verður kannski meiri tími til að spila þegar ég fer að fljúga. Annars er þrælskemmtilegt að vera á Sjónvarpinu. Líklega loka ég ekki alveg dyrunum á fréttamennskuna. En flugið heillar mig ákaflega mikið.

Nú ertu að fara á Fokker. Mættirðu fara á Júmbó, ef til kæmi?

Já, ég er í rauninni búinn að ljúka öllu flugnámi og kominn með atvinnuflugmannsréttindi og bókleg flugstjóraréttindi á allar gerðir véla. Það eina sem vantar er meiri reynsla og þjálfun. Það er spennandi að byrja á Fokkernum og skrölta í Djúpinu!

Þegar undirritaður nefnir við Finnboga Hermannsson að fá að eiga við hann viðtal, hummar hann og maldar í móinn eins og flestir gera fyrst þegar á slíkt er minnst: „Hvað ætli ég hafi sosum að segja? Ég er algerlega flatur“. En svo verður Finnboga hugsað til þess, þegar hann hefur ótal sinnum verið sjálfur í sömu sporum – að fá fólk í viðtal. Og það fer eins og oftast: Hann lætur sannfærast og tekur í nefið og við setjumst að tali inni í hljóðstofu Svæðisútvarps Vestfjarða. Og gætum þess að ekki sé kveikt á útsendingunni á meðan.

FRÉTTAMAÐUR, KENNAR GERÐARMAÐUR, PJANÓLE

– Þú ert ekki Vestfirðingur og verður aldrei...

„Mér er nú sagt að ég geti rakið ættir hingað vestur með einum eða öðrum hætti. Ég á talsvert af skyldmennum hérna fyrir vestan, fólki af svonefndri Fremra-Háls-ætt úr Kjósinni. Það mun vera einhver ættbogi sem lenti í Arnarfirði, á Bíldudal og víðar um fjörðinn, og fólk af þessari ætt er til dæmis á Þingeyri. Ég er þannig ekki alveg heillum horfinn hér innan um hina einu og sönnu Vestfirðinga.“

Tvítugur köttur í foreldrahúsum

– En fyrst og fremst ertu af Njálsgötunni, úr gamla austurbænum í Reykjavík...

„Foreldrar mínir töldust að minnsta kosti til heimilis þar þegar ég fæddist. Afi minn byggði húsið nr. 27 við Njálsgötu árið 1904, ef ég man rétt, og mamma býr enn í þessu húsi áttatíu og fimm ára gömul ásamt einum ketti, tuttugu ára gömlum. Ég á því ennþá foreldrahús þar sem ég get gist og fengið aðra virkt þegar ég er fyrir sunnan. Það er hlýlegt og ekki allir sem geta státað af því á mínum aldri.“

Rússneskar fræðslumyndir

– Þú hefur væntanlega gengið í Austurbæjarskólann...

„Já, við systkinin vorum þar, enda ekki langt að fara. Þetta var mjög merkur skóli og er enn – formlega vígður árið 1930. Fyrsti skólastjórinn var Sigurður Thorlacius sem var kallaður uppeldisfræðingur. Þessi skóli var að evrópskri fyrirmynd, eins og skólar gerðust bestir í Þýskalandi og víðar. Hann var með öllu, eins og kallað er, leikfimisal, sundlaug, náttúrufræðistofu og kvikmyndasal með hallandi gólfi og senu og öllum græjum. Þar voru sýndar rússneskar fræðslumyndir og aðrar merkar myndir og útskýrðar af Sigurði Runólfssyni kennara með látum. Þetta var uppeldið. Svo var meira að segja danssalur uppi undir rjáfri, þar sem Unnur nokkur íþróttakennari kenndi dans. Í söngstofu kenndi Hallgrímur heitinn Jakobsson söng um áratugi, faðir Jakobs sem var kennari og músíkant og tónskáld hér á Ísafirði.“

Allt í föstum skorðum

– Varstu snemma söngvinn? Fannst þér gaman í söngtímum?

„Ég veit nú ekki hvernig ég á að svara þessu. Ætli ég hafi ekki alltaf haft fremur gaman af tónlist. Hún var nú iðkuð á heimilinu í uppvexti mínum. Mamma spilaði á píanó. Hún fékk píanó í fermingargjöf, tékkneskt að uppruna, ásamt reiðhjóli, og lærði pianóleik árum saman. Þetta píanó þótti mjög fínt og enn er spilað á það á Njálsgötunni ef svo ber undir. Þar er allt í föstum skorðum. Ætli afi minn, Finnbogi Finnbogason skipstjóri, hafi ekki talist sæmilega efnaður á þeirra tíma vísu. Jú, það voru líka grammófónar heima og hlustað á Stefanó og Einar Kristjánsson og aðra söngvara og íslenska tónlist yfirleitt.“

– Ert þú sjálfmenntaður á pjanó?

„Ég er svo sem ekkert menntaður á píanó þó að maður glamri eitthvað fyrir sjálfan sig einstaka sinnum.“ Og Finnbogi þvertekur fyrir að gera neitt úr færni sinni á pjanóið.

Hér heitir allt Ernir

– En þú syngur...

„Ég var í þessum karlakór hérna þegar hann var og hét. Hann spannaði Ísafjörð og Bolungarvík og teygði sig síðan vestur yfir heiðar. Hann hét held ég Ernir fyrir rest eins og allt hér fyrir vestan. Hér heitir allt Ernir.“

– Einhvern tímann man ég að þú tókst þannig til orða, að þú þyrftir að fara að baula við jarðarför...

„Það var nú ekki oft sem kórinn söng við jarðarfarir. Þó kom það fyrir að kórinn eða einhver partur af honum var beðinn um það. Karlakór er mjög öflugur jarðarfarakór og traustvekjandi við slíkar athafnir, ekki síst þegar sungið er Hærra minn guð til þín og Nú legg ég augun aftur og aðrir traustir sálmar.“

Tin Lizzy

– Þú er sagður sérfræðingur um gamla bíla og einn af sárafáum mönnum núlifandi sem hafa ekið Gamla Ford um götur Ísafjarðar...

„Ég keyrði reyndar Gamla Ford hér um daginn og það er mjög eftirminnilegt. Það var mikil tilfinning. Þetta er mjög prímitífur bíll, sá fyrsti sem er fjöldaframleiddur og var nefndur Tin Lizzy. Henry Ford sagði að menn gætu fengið hann í þeim lit sem óskað væri, svo framarlega sem þeir pöntuðu svartan. Þessir bílar voru með plánetugírkassa, sem kallaður var, með bæði high og low. Þetta var eins konar fyrirrennari sjálfskiptingar, tveir gírar áfram og einn aftur á bak og mjög merkilegur gírkassi. Bíllinn sem nú er kominn hér til Ísafjarðar er að vísu breyttur, en hann hefur upphaflega verið með high og low, síðasta árgerðin af Ford með þeim búnaði. Síðan kom A-Fordinn árið 1928 og var kallaður Nýi Ford. Hann var með þriggja gíra kassa og kraftmeiri vél.“

– Nú ert þú afar mikill á velli. Gæti verið að Árni í Gamla bakaríinu hafi ekki aðeins haft áhuga þinn og þekkingu á gömlum bílum í huga þegar hann bauð þér í bíltúr á Gamla Ford um daginn, heldur hafi hann einnig verið að athuga burðargetu bílsins og hvort hann kæmist með þennan farm upp Bæjarbrekkuna?

„Það kann vissulega að hafa verið það sem nú er kallað „undirliggjandi“ hjá honum. Nú er allt undirliggjandi, hvort heldur verðbólgan eða hugsanir manna og meiningar og ég veit ekki hvað.“

Sendiherrabíll árg. 1954

– Þú hefur sjálfur átt nokkuð af merkum bílum...

„Ég hef nú aldrei átt neina eldgamla bíla. Jú, ég hef svo sem átt ágæta eldri bíla. Til dæmis átti ég Mercury Monterey 1954. Það er orðið langt síðan. Ég keypti hann árið 1969 af Nancy Myklebost, ekkju norska sendiherrans á Íslandi. Tor Myklebost sendiherra andaðist hér í starfi. Þau hjónin urðu reyndar tengdaforeldrar Ingólfs Margeirssonar rithöfundar um það leyti. Þetta var mjög fínn bíll, virðulegur royal blue og lítið keyrður, aðeins 40 þúsund mílur. Hann var svolítið rispaður á hliðinni og ég lét sprauta hann, en að öðru leyti var hann í „mint condition“ eins og kallað er, alveg eins og nýr, mjög skemmtilegur bíll, sjálfskiptur og með aflbremsum.“

– Ef ég veit rétt, þá þekkir þú í sjón allar helstu bílategundir fyrri ára og áratuga og afbrigði þeirra...

„Já, bæði í sjón og eiginlega í heyrn líka!“



RI, KVIKMYNDA-
IKARI OG LÖGGA...

– EF VIÐ VORUM EKKI AÐ BJARGA FÓLKI, ÞÁ VORUM VIÐ AÐ BJARGA KÖTTUM, SEGIR FINNBOGI HERMANNSSON UM STARFIÐ Í LÖGREGLUNNI Á ÍSAFIRÐI

Enginn „fílingur“ að aka Toyotu

– Nú eru allir bílar hannaðir í vindgöngum og allir að verða eins í útliti...

„Já, ég verð að segja það alveg eins og er, að ég hef ósköp lítið gaman af þessu dóti. Við erum nú búin að eiga Toyotu Cressidu í tíu-ellefu ár. Það er prýðilegur bíll og hefur reynst vel, en hann hefur engan karakter. Það er enginn fílingur að keyra hann. Aftur á móti keypti ég átján ára gamlan Benz 280 S fyrir lítið núna í haust. Það er náttúrlega alveg meiriháttar mubla og hreinn unaður að aka honum. Hann er sjálfskiptur með sex strokka vél og tveimur yfirliggjandi knastásum og fjögurra hólfa karbúrator, rétt eins og í amerískum kagga. En hann er sparneytinn. Og reyndar átti ég í eina tíð eldri Benz, 250 S árgerð 1967 sem ég keypti af skipstjóraekkju hér fyrir vestan. Ég átti þann bíl í allmörg ár og ég fór meira að segja á honum í sumarfrí árið 1987. Við fórum á honum hringinn. Það var mjög gaman að keyra Hólsfjöllin á þessum bíl, alveg sérstakt yndi. Hann var svo góður á vegi og var ennþá á diagonaldekkjum en ekki þessum hörðu radialdekkjum. Ég fékk þessi fínu diagonaldekk hjá Jónasi. Þetta var eins og að sitja heima í stofu.“

Vil fá að vera persónan Finnbogi

– Er það ekki fremur slítandi að vinna á útvarpinu?

„Jú, þetta er slítandi starf. Áreitin eru mörg. Það kom fram í könnun nýlega, að blaðamenn og fréttamenn eru efstir allra stétta varðandi streituhættu. Maður verður að gæta þess dálítið að verða ekki haldinn eða andsetinn af starfinu. Ég forðast það heldur nú orðið að vera á bílnum sem er merktur útvarpinu. Oft fer ég frekar á mínum eigin skrjóðum. Ég er farinn að reyna að halda mig nokkuð til hlés og vil fá að vera persónan Finnbogi Hermannsson en ekki alltaf útvarpsmaðurinn sem allir gera kröfur til. Fólk áttar sig stundum ekki á því að maður getur ekki sótt alla viðburði um helgar, eins og oft er gerð krafa um. Það er alveg útilokað. Maður verður stundum að slaka á og hlaða batteríin, eins og það er kallað á flatneskjulegu máli.“

Erfið spor í starfinu

– Ertu oft streittur fyrir útsendingu?

„Nei, það er ekki beint meðvituð streita, en maður er kannski orðinn dálítið þreyttur eftir tíu tíma vinnudag þegar kemur að útsendingu. Við erum orðin lúin. Það er oft alveg ótrúlega mikið sem þarf að hafa fyrir ekki langri eða merkilegri frétt. En stundum kemur það auðvitað fyrir að maður er streittur.

Það má segja að við hér á Svæðisútvarpi Vestfjarða séum búin að lifa allt sem einn fréttamaður á Íslandi getur lent í á ævinni. Það þarf naumast að rifja upp þá mannskaða sem hafa dunið yfir hér fyrir vestan á undanförnum árum. Sumir virðast halda að fréttamenn séu með einhvern skráp sem ekkert bíti á. Auðvitað kemur þetta við okkur eins og annað fólk. Fjölskylda mín á sitt fólk inni í Súðavík og maður vissi ekkert á þessum hörmungarmorgni hverjir væru þar óhultir og hverjir ekki. Maður var að vinna í málinu sem fréttamaður og þetta gátu þess vegna verið ástvinir manns. Sama var að segja um Flateyri. Það var ekkert um annað að gera en fara á staðinn með fyrstu ferð, vitandi það eitt að ástandið var skelfilegt. Kannski var tilfinningin verst á leiðinni þangað.

En þegar svona hlutir gerast er samt eins og einhver hönd huggunar komi og breiði líknarblæju yfir ástandið. Það var allt furðu rólegt þegar komið var á staðinn. Ég var fyrsti fréttamaðurinn sem sendi fréttir frá Flateyri. Það voru þá einhverjar fréttir í þá veru, að allt gengi vel miðað við aðstæður, eins og það er orðað.“

Ertu ekki að vinna neitt með?

– Verður þú þess mjög var, að pétur og páll úti í bæ geri sér heldur litla grein fyrir þeirri vinnu sem liggur að baki einum fréttatíma eða einu litlu héraðsfréttablaði, svo dæmi séu tekin?

„Auðvitað gerir fólk sér ekki grein fyrir því. Og ekki bara hérna, heldur ekki síður fyrir sunnan. Maður er ennþá spurður þegar maður rekst suður: Ertu bara í útvarpinu? Ertu ekki að kenna eða vinna eitthvað með? Og þá segir maður að við séum nú nokkrar hræður sem vinnum þarna á Svæðisútvarpinu. Nei, auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að fólk skilji það beint hvernig þessi vinna er og hvað þetta er oft mikið streð sem liggur að baki.“

– Vel á minnst. Þú hefur fengist töluvert við kennslu...

„Já, ég telst hafa réttindi sem grunnskólakennari. Síðast kenndi ég nú hér í Framhaldsskólanum. Maður fær alltaf einhvern fiðring á haustin þegar skólar eru að byrja. Kennslan er skemmtilegt starf þegar vel gengur og maður kemur væntanlega einhverjum til nokkurs þroska!“

„Frjálsir“ miðlar og „ófrjálsir“

– Nú má ætla að það sé öllu erfiðara að starfa hjá Ríkisútvarpinu en hinum svokölluðu frjálsu miðlum, ef eitthvað er – kröfurnar um hlutleysi og allt það. Er mikið um að það sé verið að rífast í þér út af fréttaflutningi og meintri hlutdrægni eða mismunun?

„Ef ég tek þig á orðinu, þá hef ég nú lengst af verið á „ófrjálsum“ miðli! Nei, það kemur ekki oft upp að menn séu að kvarta yfir því að þeim sé mismunað. Það kemur þó fyrir. Starfsmenn Ríkisútvarpsins reyna að gæta „óhlutdrægni“, eins og það var orðað þegar við stofnun útvarpsins árið 1930. En það er ekki talað um hlutleysi.“

Taktu þá bara helvítis kellinguna...

– Nú getur sitthvað komið upp á þegar hratt þarf að vinna og segja frá í beinni útsendingu. Viltu greina frá einhverju slíku sem kann að hafa hent þig, einhverju sem var skelfilegt þegar það átti sér stað en er ef til vill orðið spaugilegt núna í móðu fjarlægðarinnar?

„Það lenda náttúrlega allir í einhverju slíku einhvern tímann á ferlinum. Til dæmis ágætur fréttamaður í Reykjavík þegar Skeiðarárhlaupið varð hér um árið. Hann áttaði sig ekki á að það var opið fyrir útsendingu og þjóðin heyrði hvað hann sagði. Það varð bið á einhverju segulbandi sem var ekki orðið klárt og kann kallaði inn í stúdíóið: Taktu þá bara helvítis kellinguna á Kirkjubæjarklaustri á meðan!“

Þegar maður er að vanda sig

„Ég hef aldrei lent í svo slæmu. Hins vegar lenti ég einu sinni í vondum málum þegar lögmaður Færeyja var hér í heimsókn. Hann kom til Flateyrar færandi hendi og ég var með pistil og tók einnig viðtal við þennan mann. Ég las fyrst pistilinn inn á band og ætlaði síðan að bæta við viðtalinu. Tíminn var ákaflega naumur og ég held að klukkan hafi verið orðin korter yfir tólf þegar tæknimaðurinn kom og fréttatíminn byrjaði tuttugu mínútur yfir. Tæknimaðurinn var bara í hálfu starfi og var ræstur út. Það var ljóst að þetta yrði að fara beint héðan í loftið. Oft gerist það að maður les oftar en einu sinni inn á bandið og vill vanda sig og ekki síst þegar tignir gestir eru á ferðinni. Og það vildi svo til í þetta sinn að ég hafði þrí- eða fjórlesið innganginn að viðtalinu inn á bandið. Þegar þetta fer síðan út í eterinn, þá stoppar fréttamaðurinn eftir nokkra stund og byrjar aftur á byrjuninni, stoppar og byrjar aftur og stoppar enn og byrjar enn á ný. Sem betur fer viðhafði ég engin ljót orð eins og fréttamaðurinn í Skeiðarárhlaupinu og skaðaði engan nema sjálfan mig.

Eftir þessa margítrekuðu byrjun var hætt við þessa frétt í hádegisútvarpinu og menn sneru sér að öðru. Sigríður Árnadóttir var þá vaktstjóri fyrir sunnan. Hún er mjög vönd að virðingu útvarpsins og þetta var náttúrlega alveg ægilegt. Maður fær áfall þegar svona gerist. Svo löguðum við þetta og viðtalið við lögmann Færeyja kom í kvöldfréttum útvarpsins. Þetta er ansi slæmt og maður er alveg niðurbrotinn.“

– En þegar nógu langt er um liðið, þá er hægt að hafa

Breytt kjördæmi

Tillaga að breyttri kjördæmaskipan verður að öllum líkindum samþykkt þrátt fyrir nokkur mótmæli landsbyggðarmanna. Á þessum vettvangi kom fyrst fram sú hugmynd, opinberlega að minnsta kosti, að sameina þrjú kjördæmi, Vesturland, Vestfirði og Norðurland Vestra. Sú hugmynd var að mestu leyti tekin upp í tillögur nefndar þeirrar, sem Friðrik Sophusson varaformaður Sjálfstæðisflokksins leiddi. Að vísu er þar lagt til að kljúfa Norðurland vestra í tvennt. Skal annar hlutinn sá vestari fylgja Vestfjörðum og Vesturlandi, en hinn Norðurlandi og Austfjörðum.

Þessar hugmyndir eru auðvitað víðtækari en svo að þeim verði gerð skil í stuttu máli. Mesta athygli hefur vakið, að Reykjavík skuli eiga að skipta í tvennt. Virðast sumir halda að þar verði vandamál á ferðinni. En á vori komanda munu kjósendur í höfuðborginni kjósa í tveimur kjördæmum. Þeir sem búa á Kjalarnesi kjósa í Reykjaneskjördæmi. Það fer einnig fyrir brjóstið að skipa hluta Suðurnesjanna með mjög stóru Suðurkjördæmi, sem einnig mun taka yfir hluta af núverandi Austfjarðakjördæmi.



Svo virðist sem gagnrýnendur, að stjórnmálafræðingum frátöldum, átti sig ekki á því, að kjördæmi er einungis svæði sem telur ákveðinn hóp kjósenda. Þeir eru aðeins að kjósa þingmenn til að sitja á Alþingi, þjóðþingi Íslendinga. Þar á að setja lög, sem eru leikreglur þessa samfélags. Í þeim efnum verður að treysta stjórnmálaflokkum til að velja hæfa menn til þingsetu og kjósendum til að vanda val sitt. Kjördæmi er ekki sérstök stjórnsýslueining. Það þýðir að sveitarfélög, hitt stjórnsýslustigið á Íslandi, geta valið sér samstarf með hverjum þeim hætti sem þau kjósa, þar með talið yfir mörk kjördæma, jafnt og miða við kjördæmi sem slíkt. Í þessum efnum er brýn nauðsyn þess að sveitarstjórnarmenn taki upp nýjan hugsunarhátt. Reyndar þyrfti þjóðin þess öll.

Miklu meiri sameining sveitarfélaga verður að eiga sér stað, sérstaklega úti á landi. Ákveðinn íbúafjöldi verður að vera í sveitarfélagi, svo það geti þrifist sem stjórnsýslueining.

Landafræði

Reyndar er auðvelt að setja sig í spor þeirra sem engu vilja breyta. Í gegnum tíðina hafa margir átt erfitt með að sætta sig við breytingar. Einmenningskjördæmi voru að mestu við lýði frá því Alþingi var endurreist 1845 þar til núverandi kjördæmaskipan var tekinn upp 1959. Í upphafi voru þingmenn 26, þar af voru 20 kosnir í einmenningskjördæmum, en 6 voru konungskjörnir, sem þýddi að þeir voru skipaðir af konungi Íslands og Danmerkur. Kjördæmin hafa verið óbreytt alls 8 að tölu frá 1959. Þá var þingmönnum fjölgað í 60. Kjördæmakosnir voru 49, en 11 þingsæti voru ætluð til jöfnunar í samræmi við atkvæðafylgi framboðslistanna. Þingmönnum var svo fjölgað í 63 árið 1987.

Alltaf voru uppi raddir um að kjördæmabreytingarnar væru ómögulegar. Samt sem áður voru þær samþykktar af meirihlutanum. Framsóknarflokkur naut lengi sérstaks hagræðis af skipan einmenningskjördæma og náði meirihluta þingmanna út kjörfylgi, sem var rúmlega þriðjungur, 35,9%. Þingmenn Framsóknarflokksins urðu 21 árið 1931, en hefðu átt að vera 13 í réttu hlutfalli við atkvæðatölu. Sjálfstæðisflokkur hlaut 12 þingmenn og 43,8% atkvæða, hefði með réttu átt að fá 16 þingmenn, Alþýðuflokkur hlaut 3, hefði átt að fá 6 og Kommúnistaflokkurinn engan, en hefði átt að fá 1. Framsóknarflokkurinn bauð ekki fram í 3 kjördæmum af 27. Það er óneitanlega athyglisvert með tilliti til þess að hann hafði hreinan meirihluta þingmanna eftir kosningar.

Þessi niðurstaða varð til þess að mjög var þrýst á breytingar á kjördæmaskipan. En óhægt var um vik. Framsóknarflokkurinn réð á þingi.

Í raun hafa alþingismenn ekki vikið mjög frá þeim meginlínum, sem sköpuðst strax 1845 um kjördæamskipan, sem voru þá sýslur. Árið 1959 héldu þeir sig enn við óbreytta landafræði, þegar eldri kjördæmi voru einfaldlega sameinuð í stærri. Nú eru komnar fram tilögur um örlítið breytta landafræði í kosningum. En margir sjá því allt til foráttu.

Fulltrúar fólksins

Alþingismenn er ekki fulltrúar ákveðinna landsvæða. Breytir þar engu um þótt okkur sé tamt að líta á þá sem slíka. Þingmenn eru fulltrúar kjósenda og vonandi kosnir á grundvelli þeirrar stefnu sem þeir boða. Lítum til Norður-Ísafjarðarsýslu, sem eitt sinn þótti nokkuð myndarlegt kjördæmi. Nú eru eftir um 350 íbúar og kjósendur enn færri. Kjósendur voru 12473 í Reykjavík árið 1931. Sama ár voru þeir 1446 í Norður-Ísafjarðarsýslu, en 1026 á Ísafirði svo dæmi sé tekið. Þegar kosið var eftir síðustu breytingu í fyrsta sinn 1987 voru kjósendur í Reykjavík 67387 og 6812 í Vestfjarðakjördæmi, samanborið við 5858 árið 1931 í þeim kjördæmum 5 sem urðu Vestfjarðakjördæmi 1959. Kjósendum í Reykjavík hafði á þessu 56 ára tímabili fjölgað um rúm 55 þúsund, en á Vestfjörðum um tæpt eitt þúsund. Hér má glöggt sjá að taka verður tillit til fjölda kjósenda.

En hins vegar verður að taka á því, að stjórnsýsla og fleira vex í Reykjavík en ekki á landsbyggðinni. Að því mættu fleiri hyggja en Páll Pétursson. Hvað er til dæmis að því, að vinna við álgningu skatta í Reykjavík fari að hluta fram á Skattstofunni á Ísafirði?

-Stakkur.

STUTTAR FRÉTTIR

Samstarf

Til athugunar er að sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum taki upp samstarf um minkaveiðar. Súðavíkurhreppur á frumkvæði að þessu og hefur sent Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurbæ og Hólmavíkurhreppi erindi þar um.

Bærinn kaupir

Eins og kunnugt er hefur útibú Byggðastofnunar á Ísafirði verið lagt niður, en skrifstofur þess voru í Stjórnsýsluhúsinu. Ráðgert er að Ísafjarðarbær kaupi húsnæði þetta af Byggðastofnun.

Bessi með tvö troll

Ákveðið hefur verið að setja annað trollspil í skuttogarann Bessa ÍS, þannig að hann verði útbúinn til veiða með tvö troll. Verkið verður unnið í Skipasmíðastöðinni hf. á Ísafirði um næstu áramót.

Handverksmarkaður

Handverksmarkaður verður haldinn í Grunnskóla Ísafjarðar nk. laugardag, 7. nóvember, frá kl. 13 til 17, og verður þar margt fallegra muna á góðu verði. Tíundu bekkingar Grunnskólans sjá um kaffiveitingar og rennur allur ágóði rennur í ferðasjóð 10. bekkjar. Fólk er hvatt til að koma og sjá hvað handverksfólk er að gera.

Ekki „spýja“

Guðmundur Einarsson skipstjóri í Bolungarvík vill gera athugasemd við eitt atriði í frétt í fyrri viku um forathugun á snjóflóðavörnum í Bolungarvík. Hann telur allt of lítið gert úr hlutunum að segja að „spýja“ hafi fallið niður að byggð, þegar tvö hús við Dísarland skemmdust verulega.

gaman af þessu...

Finnbogi hlær. „Já, það er ekki hægt annað. Það endar með því að allir eru búnir að gleyma þessu nema ég.“

Löngu hættur í pólitík

– Ertu alveg hættur að skipta þér af pólitík?

„Já, fyrir löngu, löngu síðan, guð hjálpi þér, maður! Það var augljóst mál þegar ég tók við starfi fréttamanns hjá Ríkisútvarpinu árið 1986, að þá skipti maður sér ekki meira af pólitík á meðan.“

– Þú varst í eina tíð varaþingmaður Framsóknar hér fyrir vestan...

„Já, það er nú alltaf verið að rifja það eitthvað upp.“

– Er þér illa við það?

„Neinei. Mér er ekkert illa við það í sjálfu sér. En það má segja að viðskilnaðurinn við flokkinn hafi ekki verið með þeim hætti af hálfu varaþingmannsins sem ég hefði kosið, svona eftir á að hyggja. Ég undi nú ekki í Framsóknarflokknum og ekki kannski í pólitík yfirleitt og sagði mig úr flokknum með einhverjum hvelli. En þegar menn hafa tekist á hendur einhverjar slíkar stöður og eignast trúnað fólks, þá gera menn auðvitað ekki svoleiðis. Ég sé eftir þessu. Menn eiga að kveðja þent en ekki með einhverjum látum og láta frekar líða út yfir dal og hól heldur en að gera þetta svona.“

Kom stakur til Vestfjarða

– Hvernig rak þig til Vestfjarða?

„Ég kom nú stakur vestur og fór að kenna í Súðavík. Það eru tuttugu og eitt ár síðan. Svo stofnaði ég fjölskyldu. Hansína Garðarsdóttir konan mín er úr Súðavík og við eigum tvær dætur, Auði sem verður 19 ára núna í mánuðinum ef Guð lofar og Rannveigu Heru sem er að verða þrettán ára. Svo á ég dóttur af fyrra hjónabandi sem heitir Guðrún María, söngkona. Hún á dreng sem er fjögurra ára, þannig að ég er orðinn afi. Þórir Hermann heitir sá, indæll drengur. Síðan á konan mín soninn Heiðar úr fyrri sambúð. Hann er kvæntur og á tvö börn, hin efnilegustu og fallegustu börn. Þetta er allt í eðlilegum skorðum. Einfaldlega hinn venjulegi lífsins gangur.“

Eftir að hafa kennt einn vetur í Súðavík fluttist Finnbogi ásamt konu sinni að Núpi í Dýrafirði og kenndi þar hjá Bjarna Pálssyni skólastjóra. „Árin á Núpi voru einhver þau bestu á ævinni. Ég hugsa til þeirra með mikilli hlýju og fólksins sem býr þar um slóðir. Það var alveg sérstök reynsla.“

Allra blaða maður

– Þú varst töluvert í blaðamennsku áður en þú fórst að vinna við útvarpið...

„Ég fluttist til Ísafjarðar haustið 1981, ekki til að starfa við kennslu, heldur við blaðamennsku. Ég var eitt ár blaðamaður við Vestfirska fréttablaðið. Auðvitað var ég settur í kennslu líka, það vantaði kennara eins og endranær. Ég kenndi þá við Iðnskólann hér. Síðan hef ég verið viðloðandi blöð og útvarp. Ég skrifaði mörg opnuviðtöl fyrir Helgarpóstinn og skrifaði dálka í helgarblað Vísis. Síðan var ég með Vestfirðing, blað Alþýðubandalagsins, og eitthvað skrifaði ég í Ísfirðing, blað Framsóknarflokksins. Eitt sinn tók ég viðtal fyrir Vesturland, blað Sjálfstæðisflokksins, og einhverju sinni bjargaði ég Skutli, blaði Alþýðuflokksins, þegar einhver forfallaðist fyrir jólin. Það má því heita að ég hafi komið eitthvað nálægt öllum blöðum sem hafa verið gefin út á Ísafirði á minni tíð hér. Auðvitað var þetta blaðamennska en ekki pólitík, nema hvað varðaði útgáfu Vestfirðings. En vinnan við jólablöðin er fyrst og fremst blaðamennska og maður hefur verið nýttur sem slíkur.“

Gerð heimildamynda

– Þú hefur líka fengist við kvikmyndagerð...

„Já, ég hef unnið við gerð heimildamynda. Við Hjálmtýr Heiðdal gerðum heimildamyndina Af síldinni öll erum orðin rík / á Ingólfsfirði og Djúpavík. Það er löng mynd og tók nokkur ár að gera hana. Hún fékk ágæta dóma. Síðan gerðum við mynd sem ber heitið Konsúll Thomsen keypti bíl og segir sögu bílsins og landssamgangna á Íslandi. Með okkur Hjálmtý vann Ásgeir Sigurgestsson sálfræðingur og bílaáhugamaður að þeirri mynd. Og um þessar mundir erum við að basla við að ljúka við mynd um Bjarna Runólfsson í Hólmi í Landbroti og fleiri forgöngumenn í rafvæðingu íslenskra sveita. Bjarni var ómenntaður bóndasonur sem hóf að virkja ár og læki og kom sér upp smiðju. Hann og lærisveinar hans og fleiri menn í Vestur-Skaftafellssýslu unnu stórvirki við rafvæðingu landsins. Þeir byggðu fjölda virkjana, aðallega þarna fyrir austan en reyndar um allar sveitir og allt norður í Þingeyjarsýslu.

Við erum búnir að vinna að þessari mynd í fjögur-fimm ár. Ég hef farið austur á hverju sumri og verið að taka þar. Sjónvarpið ætlar að kaupa þessa mynd og sýna hana á næsta ári. Við erum að skrapa saman meira fé og ætlum að klára verkið fyrir áramótin. Þessi kvikmyndagerð er nú óttalegt fokk og maður borgar með þessu. En þetta er gaman, einkum eftir á. Það sem rekur mann út í þetta er einfaldlega áhugi fyrir minjavernd hvers konar og löngun til þess að bjarga heimildum úr atvinnusögu landsmanna. Atvinnusagan er mér mjög hugleikin, sem og önnur sagnfræði. Ég ligg mikið í sagnfræðibókum og ekki síst eru Vestfirðir afar sagnríkur landshluti, ef svo má orða það, ekki síst í samskiptum við útlönd. Héðan voru á stundum einu samskiptin við Evrópu utan Danmerkur og Noregs, samanber Eggert Hannesson hirðstjóra í Bæ á Rauðasandi.“

Brauðstritið og fræðimennskan

– Er þig ekki farið að langa til að hvíla þig á þessu daglega og hversdagslega fréttasnapi? Væri ekki skemmtilegra að leggjast alveg í fræðimennsku og láta eitthvað meira af varanlegum verðmætum liggja eftir sig á efsta degi?

„Jú, það er alveg rétt. Fréttasnapið er náttúrlega ekkert annað en helvítis brauðstrit. Ég þrái vissulega að geta snúið mér meira að einhverri þáttagerð. Þegar ég er að vinna að einhverjum þáttum, eins og um björgunarafrekið við Látrabjarg, þá þarf maður að gera það um helgar eða á nóttunni. Það er í rauninni alveg skelfilegt að geta ekki snúið sér að slíku af fullum krafti. Og maður hefur minna þrek eftir því sem árunum fjölgar og þolir ekki eins miklar vökur. Á ég kannski að bæta því við, að hæfileikum mínum sé illa varið í fréttasnapinu?“ spyr Finnbogi og hlær hrossahlátri.

– Fréttir af færð á Hrafnseyrarheiði eða tilkynningar um væntanlegan útimarkað munu væntanlega ekki halda nafni þínu á lofti um ókomna tíð...

„Nei, en þetta er náttúrlega þjónusta. Það er að vissu leyti gaman að þjóna. Það gefur starfinu nokkurt gildi.“

Lögregluþjónn

– Þú varst eitt sinn lögregluþjónn hér á Ísafirði...

„Já, og ég vil nota orðið lögregluþjónn. Ég hef tekið eftir því að sumum lögregluþjónum finnst það niðurlægjandi og segjast vera lögreglumenn. Ég er ekki sama sinnis. Mikill hluti af þessu starfi var beinlínis þjónusta við borgarana í ýmsu ástandi. Það var oftast verið að aðstoða fólk með einhverjum hætti. Ef við vorum ekki að bjarga fólki, þá vorum við að bjarga köttum. Ég á satt að segja ekki slæmar minningar frá því starfi.“

Neftóbakið og pípan

– Þú brúkar neftóbak eins og fleiri sem voru í lögreglunni á þeim tíma...

„Já, Torfi Einarsson tekur í vörina en Krummi (Hrafn Guðmundsson) tók í nefið. Það var eiginlega hann sem mér upp á að taka í nefið á næturvökunum á stöðinni. Þannig byrjaði ég. Það skerpir oft hugann að taka í nefið og er eiginlega nauðsynlegt áður en maður sest við skriftir við tölvugarminn. En ég er alveg hættur við pípuna. Það er helvítis eitur, úr því að maður gat ekki reykt í hófi. Það var ekki annað að gera en að leggja henni.“

Svið og hrútspungar

– Hvað finnst þér best að éta?

„Ha? Þetta er nú eiginlega ekki í beinu samhengi! Ég veit það hreinlega ekki. Ég sakna þess reyndar að fá ekki lengur ósviðna hausa. Það er alveg rosalegt. Maður gat þó áður komist yfir ósviðna hausa og sviðið þá sjálfur í bílskúrnum eftir kúnstarinnar reglum. Ég saltaði þá í strjúpann og lét þá standa upp undir viku í köldu áður en ég sveið þá. Ég held að síðast hafi ég sviðið eina tuttugu og fimm hausa og Rannveig Hera hjálpaði mér. Hún var varla nema sex-sjö ára þá. Og svo var alveg hreint ritúal að borða þetta, alveg yndislegur matur, þetta dökka, fína sviðabragð. Nú er þetta sterilíserað í plasti í búðunum. Maður spyr bara hreint út: Eiga einhverjir reglugerðarberserkir að geta ráðskast með forna matarmenningu þjóðarinnar? Þetta er ofbeldi. Hrútspungar eru líka alveg geysilega góðir. Ég þjófstarta yfirleitt alltaf á súrum hrútspungum í þorrabyrjun. Þá fer ég í Björnsbúð og kaupi porsjón af pungum til að hafa sem hjámat, eins og ég hef séð það orðað í skagfirskum ritum hjá Hannesi Péturssyni.“

– Hlynur Þór Magnússon.

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða

Samgöngumál í brennidepli

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða verður haldinn á Tálknafirði á laugardag.

Aðalmál fundarins í ár verða samgöngumál á Vestfjörðum þar sem frummælandi verður Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður og formaður samgöngunefndar Alþingis.

Þá mun ferðamálafulltrúi Vestfjarða skýra frá starfi sínu á liðnu ári auk þess sem rætt verður um vinnu Ferðamálasamtaka Vestfjarða í gæðamálum í ferðaþjónustu og næstu skref.

Í tengslum við aðalfundinn verður haldið málþing um stöðu og tækifæri í ferðaþjónustu við þröskuld nýrrar aldar en þar verður m.a. rætt um þau málefni sem efst eru á baugi í ferðaþjónustunni s.s. markaðsmál og umhverfismál svo fátt eitt sé nefnt.

ÉG ÆTLA AÐ VERÐA FURÐUKELLING

– SEGIR ÓLÖF BJÖRK ODDSDÓTTIR LEIRLISTAKONA

Ólöf Björk Oddsdóttir, leirlistakona við nokkur verka sinna.

Listsýning Ólafar B. Oddsdóttur í Edinborgarhúsinu á Ísafirði stendur fram á sunnudag. Hún sýnir þar leirmuni, sem teljast í senn til myndlistar og nytjalistar, og má þar nefna kertastjaka, vasa, krukkur, postulínsglös og tekatla. Ólöf er nú búsett á Suðureyri og rekur þar leirverkstæði og listgallerí, en hún er Ísfirðingur að uppruna, fædd á Grænagarði árið 1958.

Ólöf byrjaði listnám átján ára, en þá hélt hún til Svíþjóðar til þess að læra vefnað (textíl). Eftir að hún kom heim aftur vann hún eitt ár á vefstofunni hjá Guðrúnu Vigfúsdóttur á Ísafirði. „En þegar ég var úti að læra vefnaðinn kynntist ég einnig leirmunagerð og fékk mikinn áhuga á þeirri grein. Kolbrún Björgólfsdóttir (Kogga) kom hingað vestur á Ísafjörð og hélt námskeið sem ég sótti og síðan fór ég aftur til Svíþjóðar og lærði þar leirkeragerð 1983-1985."

Langamma Ólafar, Steinunn Guðmundsdóttir í Fagrahvammi í Skutulsfirði, var þekkt hannyrðakona og gerði m.a. mikið af því að prjóna skotthúfur fyrir fína fólkið á Ísafirði. Gullsmiðir eru í ætt Ólafar og faðir hennar, Oddur Pétursson, málar „í felum" eins og hún orðar það.

Á Suðureyri er Ólöf með leirbrennsluofn og öll önnur tæki sem þarf til leirmunagerðar. „Ég fékkst lítillega við að renna leirmuni eftir að ég kom heim frá námi, en byrjaði eiginlega ekki af neinu viti fyrr en fyrir um tveimur árum. Aðstæðurnar leyfðu það hreinlega ekki."

Ólöf hefur haldið ýmis námskeið í leirmunagerð og kennir hana nú sem valgrein í 9. og 10. bekk grunnskóla. Hún stundar ekki vefnað þessi árin, en á mjög gamlan vefstól sem hún keypti á sínum tíma á Siglufirði af konu sem var ættuð frá Seljalandi í Skutulsfirði, Guðfinnu að nafni.

„Hann er mjög góður, ég hef bara ekkert pláss fyrir hann. Mér finnst textílvinnan líka mjög spennandi, en maður getur ekki gert allt. Maður þarf að hafa fyrirvinnu til að geta gert þetta", segir Ólöf og hlær. „Að minnsta kosti framan af!"

Ólöf hefur víða haldið sýningar á verkum sínum, meðal annars í Svíþjóð, Danmörku, Austurríki og á Ítalíu.

Talið berst að tilkomu listamiðstöðvarinnar í Edinborgarhúsinu og þeirri byltingu sem það stórvirki hefur í för með sér fyrir hvers konar menningarstarf á svæðinu. „Ég á ekki orð til að lýsa því, hvað þetta hús breytir miklu. Vissulega hefur fjárskortur tafið framkvæmdir, en nú eru gleðifréttirnar þær, að menntamálaráðuneytið ætlar að koma til liðs við okkur sem að þessu stöndum. Það tekur alveg ótrúlega langan tíma og mikla sjálfboðavinnu að sýna fram á að það geti verið vit í framtaki af þessu tagi og fá þá sem ráða yfir peningunum til þess að taka við sér."

– Oft eru þeir sem eiga sér hugsjónir allir löngu fallnir frá þegar þær rætast...

„Sem betur fer virðist það ekki ætla að gerast í þessu tilviki. Vinnan sem sumir eru búnir að leggja á sig hér í húsinu er alveg ótrúleg. Ég geri reyndar ekki neitt nema að sópa og skúra!"

Litbrigðin í leirmunum Ólafar eru óteljandi. „Þessir flekkóttu hlutir eru fyrst brenndir upp í 1140 gráður. Svo set ég þá í bala – ég var með holu sem fylltist af snjó, en núna er ég með gamlan línubala úr járni – og brenni gripina í sagi og mó og þurrum kúaskít. Ég kveiki í þessu og læt koma glóð og síðan læt ég hlutina vera í balanum í sólarhring. Þá verða þeir svona sótaðir og flekkóttir, og því minna sem súrefnið og þar með glóðin er, þeim mun dekkri verða þeir."

– Þetta ferli minnir dálítið á fornar íslenskar aðferðir við matargerð, svo sem moðsuðu og reykingu... Finnurðu sjálf upp mikið af þeim aðferðum sem þú notar?

„Í rauninni allt! Maður lærir grunninn, en síðan prófar maður sig áfram og þróar sínar eigin aðferðir og eiginn stíl. En það er mjög gott að vinna öðru hverju með einhverjum öðrum. Það fleytir manni lengra áfram en ef maður væri alltaf einn að þreifa sig áfram. Það er alveg lífsnauðsynlegt. Ég fór til Svíþjóðar í vor og var þar um tíma með skólasystkinum mínum. Þau eru komin mjög langt, enda hafa þau unnið við þetta alla tíð og þroskast sitt í hverja áttina. Þetta smákemur. Fyrst þarf að koma börnunum upp. Þegar þau fara að nálgast tvítugt, þá ætla ég að verða furðukelling og leyfa þeim að vera í friði!"

Tölvu göngugreining

Þann 19. nóvember verður sérfræðingur okkar með göngugreiningu á Ísafirði. Greint er með nýrri tölvutækni sem gefur vísindalegar niðurstöður um ástand fótanna. Einnig er lengd fótleggja mæld.

Í beinu framhaldi er síðan gefin ráðgjöf varðandi innleggjasmíði, skófatnað o.s.frv.

Móttaka okkar er á endurhæfingadeild sjúkrahússins. Tímapantanir eru í síma 515 1335.

Við viljum að þér líði vel!

Össur hf.

ÍSAFJARÐARBÆR

SKÓLALIÐI

Óskum eftir að ráða skólaliða frá og með 1. desember 1998. Skólaliði er starfsmaður skóla sem sinnir ýmsum störfum öðrum en kennslu. Meðal annars vinnur hann sem stuðningsfulltrúi (fylgir nemanda í kennslustundir og frímínútur), sinnir þrifum, aðstoð og eftirliti með nemendum, annast viðhald og varðveislu kennslugagna og muna skólans, aðstoðar á skólasafni, skrifstofu og í eldhúsi eftir því sem þörf er á hverju sinni.
Nánari upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 456 3044.

Skólastjóri.

LEIKSKÓLINN EYRARSKJÓL

Starfsmaður óskast á leikskólann Eyrarskjól. Um er að ræða 50% starf eftir hádegi á deild 1-3 (4) ára.
Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í starfi með börnum.
Nánari upplýsingar gefur Valgerður Hannesdóttir leikskólastjóri í síma 456 3685.

Leikskólastjóri.

FRÁ BYGGINGARFULLTRÚA

Athygli aðila í byggingariðnaði er vakin á því að ný skipulagsreglugerð og ný byggingarreglugerð hafa tekið gildi.
Í nokkrum veigamiklum atriðum hefur reglugerðunum verið breytt frá eldri reglugerðum og er því mikilvægt fyrir starfandi aðila í byggingariðnaði að kynna sér þessar nýju reglugerðir.
Undirritaður bendir hlutaðeigendum á að hægt er að nálgast reglugerðirnar hjá byggingarfulltrúa gegn 500 kr. greiðslu fyrir hvora, sem er sama upphæð og þær eru seldar hjá Skipulagsstofnun, eða á heimasíðu Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is).

Byggingarfulltrúinn í Ísafjarðarbæ.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DAGSKRÁ

4. NÓVEMBER - 10. NÓVEMBER

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 4. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
13.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Ferðaleiðir
19.00 Andmann (4:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Víkingalottó
20.45 Mósaík
21.30 Laus og liðug (15:22)
22.00 Nýi presturinn (2:12)
23.00 Ellefufréttir
23.20 Ævintýrið í Talence
Franskur þáttur um tugþrautarmótið í Talence í Frakklandi þar sem Jón Arnar Magnússon sigraði glæsilega.
23.35 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 5. NÓVEMBER 1998

10.30 Alþingi
16.25 Ævintýrið í Talence
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
19.00 Heimur tískunnar (5:30)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 ...þetta helst
Spurningaleikur með hliðsjón af atburðum líðandi stundar. Gestir þáttarins eru Bjarni Ármannsson forstjóri Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Guðrún Helgadóttir rithöfundur.
21.10 Fréttastofan (1:13)
Kanadísk gamanþáttaröð um starfsmenn á sjónvarpsfréttastofu.
21.40 Kastljós
22.10 Bílastöðin (7:24)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Gerð myndarinnar Popp í Reykjavík
23.35 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR 6. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (61:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Allt í himnalagi (5:22)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.45 Stutt í spunann
21.20 Aulabárður
(The Jerk)
Bandarísk gamanmynd frá 1979. Þessi fyrsta bíómynd gamanleikarans Steves Martins fjallar um mann sem er svo heimskur að honum er ekki við bjargandi. *Aðalhlutverk: Steve Martin, Bernadette Peters, Bill Macy og Jackie Mason.*
22.55 Hiroshima (1:2)
(Hiroshima)
Kanadísk/japönsk sjónvarpsmynd frá 1995 um kjarnorkuárás Bandaríkjamanna á borgina Hiroshima í Japan. Seinni hluti myndarinnar verður sýndur á laugardagskvöld.
00.25 Útvarpsfréttir
00.35 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR 7. NÓVEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Þingsjá
10.50 Skjáleikurinn
14.10 Auglýsingatími
14.25 Þýska knattspyrnan
Bein útsending frá leik í efstu deild.
16.15 Leikur dagsins
Bein útsending frá leik ***Fram og Vals*** í Íslandsmótinu í handknattleik.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Einu sinni var... (3:26)
18.30 Gamla testamentið (2:9)
19.00 Strandverðir (19:22)
19.50 20,02 hugmyndir um eiturlyf
Annar þáttur af 21 um forvarnir gegn eiturlyfjum. Rætt er við ungan listdansara, Önnu Sigríði Guðnadóttur, og sýnd brot úr dansverki hennar "Gravity".
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Lottó
20.50 Enn ein stöðin
21.20 Einhleypingar
(Singles)
Bandarísk bíómynd frá 1992 um ungt fólk í rokkborginni Seattle, ástarlíf þess, vonir og væntingar. *Aðalhlutverk: Bridget Fonda, Matt Dillon, Campbell Scott, Kyra Sedgwick, Jim True, Bill Pullman og Sheila Kelley.*
23.00 Hiroshima (2:2)
(Hiroshima)
00.30 Útvarpsfréttir
00.40 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR 8. NÓVEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.40 Hlé
13.20 Markaregn
14.20 Rainer Fetting í Kaupmannahöfn
14.50 Þrjú-bíó
Fjölskyldan fer í frí
16.20 Djasskvöld með Clint (Eastwood After Hours)
Upptaka frá djasstónleikum sem Clint Eastwood stóð fyrir í Carnegie Hall í New York í október 1996.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Gull og grænir skógar (1:3)
19.00 Geimferðin (16:52)
19.50 Ljóð vikunnar
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Sunnudagsleikhúsið
Svannasöngur (1:3)
21.10 Að byggja land (1:3)
Brautryðjandinn
Fyrsti þáttur af þremur eftir Þorvald Gylfason og Jón Egil Bergþórsson. Hér er fjallað um Jón Sigurðsson og honum lýst sem einörðum málsvara frjálsra viðskipta og erlendra fjárfestinga á Íslandi.
21.50 Helgarsportið
22.15 Dans í takt við tímann (4:4)
23.55 Ljóð vikunnar
00.00 Útvarpsfréttir
00.10 Skjáleikurinn

MÁNUDAGUR 9. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.25 Helgarsportið
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eunbi og Khabi (18:26)
18.30 Veröld dverganna (22:26)
19.00 Ég heiti Wayne (6:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Pör í pólitík (3:4)
21.05 Tom Jones (2:5)
22.00 Hljómsveitarstjórinn
(Naked Classics: The Maestro)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Mánudagsviðtalið
23.45 Skjáleikurinn

ÞRIÐJUDAGUR 10. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eyjan hans Nóa (6:13)
18.30 Gæsahúð (11:26)
19.00 Nornin unga (6:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 HHÍ-útdrátturinn
20.50 Eftir fréttir
21.25 Sérsveitin (7:8)
(Thieftakers III)
22.20 Titringur
Þáttur um konur og karla; ólíkar væntingar þeirra og viðhorf. Í þættinum verður varpað fram spurningum, rætt við sérfræðinga og leikmenn, slegið fram fullyrðingum og þær ræddar.
Umsjón: Súsanna Svavarsdóttir og Þórhallur Gunnarsson.
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Auglýsingatími - VÍÐA
23.35 Skjáleikurinn

Vetrarverð
á góðum bílum
Allar stærðir bíla
Sækjum - sendum
Lipur og góð þjónusta!
BÓNUS BÍLALEIGA
Klettagarðar 150 • 104 Reykjavík
Sími 568 8700 • Fax 568 8370

STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 4.NÓVEMBER 1998

13.00 Skrugga (e)
14.40 Ein á báti (10:22) (e)
15.30 NBA
16.00 Brakúla greifi
16.25 Guffi og félagar
16.45 Ómar
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Beverly Hills 90210
19.00 19>20
20.05 Chicago-sjúkrahúsið (8:26)
20.55 Dýrkeypt frelsi (1:2)
(The Siege At Ruby Ridge)
Framhaldsmynd mánaðarins er um hjónin Randy og Vicki Weaver sem reyndu að segja sig úr lögum við samfélagið og fluttu í afskekktan fjallakofa þar sem þau hugðust ala upp börn sín og lifa af landinu. En róðurinn var þungur og hörgull á fjármunum varð til þess að Randy fór að selja afsagaðar haglabyssur og komst þannig í kast við lögin. Framhaldið var fréttaefni um allan heim. Síðari hluti verður sýndur annað kvöld. *Aðalhlutverk: Laura Dern, Randy Quaid og Kirsten Dunst.*
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Skrugga (e)
(Ebbie)
01.15 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 5.NÓVEMBER 1998

13.00 Kunnuglegt andlit (e)
14.30 Dýraríkið
15.00 Oprah Winfrey (e)
15.50 Eruð þið myrkfælin? (8:13)
16.15 Guffi og félagar
16.35 Með afa
17.25 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Kristall (5:30)
20.40 Dýrkeypt frelsi (2:2)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Glæpadeildin (5:13)
23.40 Hrekkjavaka (e)
(Halloween)
01.20 Kunnuglegt andlit (e)
(The Corpse had a Familiar Face)
02.50 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 6.NÓVEMBER 1998

13.00 Glæpadeildin (5:13) (e)
13.50 Þorpslöggan (3:17) (e)
14.40 Svarti kassinn (1:4) (e)
15.30 Dýraríkið
16.00 Töfravagninn
16.25 Guffi og félagar
16.50 Orri og Ólafía
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Kristall (5:30) (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan ég minnkaði börnin
21.00 101 Dalmatíuhundur
(101 Dalmatians)
Bráðskemmtileg gamanmynd frá Walt Disney um Dalmatíuhundana Pongo og Perdy sem verða fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að hvolpunum þeirra er stolið ásamt fjölda annarra hvolpa. Fljótlega berast böndin að Cruellu DeVil sem hefur afskaplega miklar mætur á feldum og skinnavöru af öllu tagi. Leitin að hvolpunum er hafin undir forystu Pongo og Perdy en spurningin er hvort nokkur hafi roð við Cruellu og fylgisveinum hennar. *Aðalhlutverk: Glenn Close, Jeff Daniels og Joely Richardson.*
22.50 Í netinu
(Caught)
Hjón á miðjum aldri taka ungan og veglausan mann inn á heimili sitt, veita honum vinnu og byggja upp sjálfsvirðingu hans. Ungi maðurinn er þeim auðvitað mjög þakklátur og til að byrja með er vera hans á heimilinu öllum til ánægju. Smám saman fer hann hins vegar að hafa neikvæð áhrif á líf hjónanna og upp koma alvarlegir árekstrar. *Aðalhlutverk: Edward James Olmos, Maria Conchita Alonso og Arie Verveen.*
00.45 Bilað verkefni (e)
(My Science Project)
Menntaskólastrákurinn Michael Harlan hefur einkum áhyggjur af tvennu: Kærastan hefur sagt honum upp og hann á ólokið einu verkefni til að geta útskrifast. Gamli hippinn sem kennir Michael raunvísindi hefur gefið honum tveggja vikna frest til að ljúka rannsóknarverkefninu. Nú er að hrökkva eða stökkva. Í skjóli nætur fer Michael óboðinn í birgðastöð hersins og þar uppgötvar hann nýjar víddir raunvísindanna. *Aðalhlutverk: Fisher Stevens, John Stockwell og Danielle Von Zerneck.*
02.20 Netið (e)
Sandra Bullock er í aðalhlutverki í þessum nýja spennutrylli frá Óskarsverðlaunaleikstjóranum Irwin Winkler.
04.10 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 7.NÓVEMBER 1998

09.00 Með afa
09.50 Mollý
10.15 Sögustund með Janosch
10.45 Dagbókin hans Dúa
11.10 Chris og Cross
11.35 Ævintýraheimur Enid Blyton
12.00 Alltaf í boltanum
12.30 NBA tilþrif
13.00 Casper (e)
14.45 Enski Boltinn
16.55 Oprah Winfrey
17.40 60 mínútur (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Vinir (14:24)
20.40 Seinfeld (5:22)
21.15 Hranastaðir
(Cold Comfort Farm)
Hin unga og glæsilega Flora Poste tilheyrir þotuliði Lundúnaborgar. Þegar hún stendur allt í einu uppi foreldralaus og blönk ákveður hún að leita á náðir ættingja sinna sem búa á gömlu býli í Sussex. *Aðalhlutverk: Eileen Atkins, Kate Beckinsale og Sheila Burrell.*
23.05 Málið gegn Larry Flint
(The People vs. Larry Flynt)
Þriggja stjarna mynd um hinn óheflaða Larry Flynt sem hætti snemma námi en varð ókrýndur konungur klámsins þegar hann hóf að gefa út tímaritið Hustler. Hann lenti mjög óvænt í þeirri aðstöðu að þurfa að berjast fyrir málfrelsi þjóðar sinnar til þess að geta haldið tímaritinu í hillum verslanna. *Aðalhlutverk: Woody Harrelson, Courtney Love og Edward Norton.*
01.15 Kongó (e)
03.00 Dauðaför (e)
04.35 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 8.NÓVEMBER 1998

09.00 Í erilborg
09.20 Köttur út' í mýri
09.45 Tímon, Púmba og félagar
10.05 Andrés Önd og gengið
10.25 Urmull
10.50 Nancy (7:13)
11.10 Húsið á sléttunni
12.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.00 DHL deildin í körfubolta
Bein útsending frá leik ***Grindavíkur*** og ***Tindastóls***.
17.25 Rýnirinn (19:23)
17.55 Fornbókabúðin (6:8) (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (13:25)
20.40 Heima (6:12)
Gestgjafi Sigmundar Ernis er Victor Sveinsson.
21.15 Mikjáll
(Michael)
Þegar fréttist að Mikjáll erkiengill hafi skotið upp kollinum í Iowa verður blaðamaðurinn Frank Quinlan strax sannfærður um að þarna sé komið forsíðuefni og skyldi engan undra! Hann fer ásamt öðrum blaðamanni og konu sem er sérfróð um engla til að skoða fyrirbærið. Er eitthvað hæft í því sem Mikjáll segir um sjálfan sig eða er hann bara plat? *Aðalhlutverk: John Travolta, Andie Macdowell, William Hurt og Bob Hoskins.*
23.00 60 mínútur
23.50 Rósahöllin (e)
01.30 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 9.NÓVEMBER 1998

13.00 Í hæpnasta svaði (e)
14.20 Ally McBeal (2:22) (e)
15.05 Vinir (2:25) (e)
15.30 Dýraríkið
16.00 Kögulóarmaðurinn
16.20 Guffi og félagar
16.45 Úr bókaskápnum
16.55 Lukku-Láki
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Ein á báti (10:22)
20.55 Til fyrirmyndar
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Ensku mörkin
23.45 Í hæpnasta svaði (e)
01.05 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 10.NÓVEMBER.1998

13.00 Chicago-sjúkrahúsið (8:26)
13.45 Elskan ég minnkaði börnin
14.35 Handlaginn heimilisfaðir
15.00 Að hætti Sigga Hall (11:13)
15.25 Rýnirinn (14:23) (e)
15.50 Í Sælulandi (1:13) (e)
16.15 Guffi og félagar
16.35 Sjóræningjar
17.00 Simpson-fjölskyldan
17.20 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Bæjarbragur (14:15)
20.30 Handlaginn heimilisfaðir
21.00 Þorpslöggan (4:17)
21.55 Fóstbræður (e)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Sugar Hill (e)
00.50 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR 4. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
16.30 Meistarakeppni Evrópu
18.35 Gillette sportpakkinn
19.00 Meistarakeppni Evrópu
Umfjöllun um liðin og leikmennina sem verða í eldlínunni í Meistarakeppni Evrópu í kvöld.
19.30 Meistarakeppni Evrópu
(UEFA Champions League)
Bein útsending frá leik ***Barcelona og Bayern Munchen*** í 4. umferð riðlakeppninnar.
21.40 Meistarakeppni Evrópu
(UEFA Champions League)
Útsending frá leik ***Juventus og Athletic Bilbao*** í 4. umferð riðlakeppninnar.
23.25 Geimfarar (18:21)
00.10 Lærimeistarinn
Ljósblá kvikmynd. Stranglega bönnuð börnum.
01.45 Í ljósaskiptunum (e)
02.10 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 5. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Taumlaus tónlist
18.15 Ofurhugar (e)
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Walker (e)
20.00 Meistarakeppni Evrópu
Svipmyndir úr leikjum 4. umferðar riðlakeppninnar, sem fram fóru í gærkvöldi.
21.00 Traffík
(Trafic)
Frönsk kvikmynd á léttum nótum. Við fylgjumst með bílaáhugamanninum herra Hulot. Hann er á leiðinni til Amsterdam í Hollandi þar sem mikil bílasýning stendur fyrir dyrum. Hulot leggur tímanlega upp frá París en ótrúlegustu uppákomur á leiðinni gera honum erfitt fyrir. *Aðalhlutverk: Jacques Tati, Marcel Fraval og Maria Kimberly.*
22.30 Jerry Springer (7:20)
(The Jerry Springer Show)
23.15 Hættuleg kona
(Femme Fatale)
Dulmögnuð spennumynd. Joseph Prince er nýgiftur. Dag einn þegar hann kemur heim er konan hans horfin. Jafnframt kemur í ljós að hún hefur siglt undir fölsku flaggi þann tíma sem þau þekktust. Joseph nýtur aðstoðar vinar síns, listamannsins Elijah Hooper, við að hafa uppi á konunni. Leitin ber þá í skuggaheima nýlistarmanna í Los Angeles. Smám saman uppgötvar Joseph óhugnanlega fortíð konu sinnar og kemst að því að hún er í stórhættu. *Aðalhlutverk: Billy Zane, Lisa Zane og Colin Firth.*
00.45 Í ljósaskiptunum (e)
01.10 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 6. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Á ofsahraða (e)
18.00 Taumlaus tónlist
18.15 Heimsfótbolti með Western Union
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Fótbolti um víða veröld
19.30 Yfirskilvitleg fyrirbæri (16:22)
20.30 Alltaf í boltanum
Nýjustu fréttirnar úr enska boltanum.
21.00 Simply Red á tónleikum
Upptaka frá tónleikum í Lyceum leikhúsinu í Lundúnum þar sem Mick Hucknall og félagar leika öll sín þekktustu lög.
22.35 Glæpasaga (e)
23.20 Seiðmagnað síðdegi
(Siesta)
Dularfull og erótísk spennumynd. Ung kona sem hefur leikið sér að eldinum alla ævi, fer í örlagaríka ferð til að reyna að endurheimta sambandið við elskhuga sinn. *Aðalhlutverk: Gabriel Byrne, Jodie Foster og Ellen Barkin.*
00.55 Útlimir
(Severed Ties)
Hrollvekja um vísindamann sem ætlar að láta gott af sér leiða með því að endurskapa skaddaða útlimi. Hann lendir hins vegar í miklum hremmingum þegar eitt af sköpunarverkum hans nær yfirhöndinni. *Aðalhlutverk: Oliver Reed og Elke Sommer.*
02.25 Í ljósaskiptunum (e)
02.50 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 7. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Star Trek (e)
18.00 Jerry Springer (8:20)
19.00 Kung fu - Goðsögnin lifir (e)
20.00 Herkúles (24:24)
21.00 Lögmál götunnar
(Fresh)
Fresh er 12 ára strákur í Brooklyn. Hann á kærustu sem heitir Rosie og við fyrstu sýn virðist hann ekkert frábrugðinn öðrum krökkum í skólanum. En Fresh er öðruvísi. Hann selur eiturlyf fyrir einn umsvifamesta dópsalann í hverfinu. *Aðalhlutverk: Samuel L. Jackson, Sean Nelson, Giancarlo Eposito og N'Bushe Wright*
22.50 Hnefaleikar - Naseem Hamed (e)
Útsending frá hnefaleikakeppni í Atlantic City í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru Prinsinn Naseem Hamed, heimsmeistari WBO-sambandsins í fjaðurvigt, og Írinn Wayne McCullough.
00.50 Hugrenningasyndir
Ljósblá kvikmynd.
01.45 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 8. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
14.45 Enski boltinn
Bein útsending frá leik ***Manchester United og Newcastle*** United í ensku úrvalsdeildinni.
16.55 Enski boltinn
(FA Collection)
17.55 Ameríski fótboltinn
18.50 19. holan (22:29)
19.25 Ítalski boltinn
Bein útsending frá leik ***AC Milan*** og ***Inter*** í ítölsku 1. deildinni.
21.15 Ítölsku mörkin
21.35 Golfmót í Bandaríkjunum
22.30 Ráðgátur (1:48)
23.15 Mælirinn fullur
(Dirty Weekend)
Spennumynd hlaðin kolsvartri kímni. Bella flytur úr stórborginni í lítið sjávarþorp eftir að hafa komið að kærastanum sínum í rúminu með annarri konu. Þar verður hún fyrir áreitni símadóna sem býr í nágrenninu. Þegar ekki verður lát á hringingunum er Bellu nóg boðið og hún myrðir manninn. Þetta er aðeins upphafið að hreinsunarátaki hennar því hún ætlar ryðja fleiri dónum úr vegi. *Aðalhlutverk: Lia Williams, David McCallum, Rufus Sewell og Sylvia Syms.1993.*
00.55 Dagskrárlok og skjáleikur

MÁNUDAGUR 9. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Ítölsku mörkin
17.50 Ensku mörkin
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Hunter (e)
20.00 Fótbolti um víða veröld
20.30 Stöðin (6:24)
21.00 Krakkar í kaupsýslu
(Kidco)
Sannsöguleg kvikmynd á léttum nótum um krakka sem láta til sín taka í viðskiptaheiminum. Dickie Cessna er stórhuga strákur og framkvæmdastjóri í fyrirtæki fjölskyldunnar. Honum til aðstoðar eru systurnar June, Bette og Nene. Þetta eru samhent systkini sem reka sig fljótt á þá staðreynd að rekstur er ekki alltaf leikur einn. *Aðalhlutverk: Scott Schwartz, Cinnamon Idles og Tristine Skyler.*
22.30 Trufluð tilvera (8:33)
22.50 Á ofsahraða
23.15 Herskarar himnanna
(God's Army)
Thomas Dagget er prestur sem vendur kvæði sínu í kross og gerast götulögregla í Los Angeles. Dag einn er Dagget kallaður á vettvang þar sem óhugnanlegt morð hefur verið framið. Í fórum hins myrta finnur hann eintak af Biblíunni sem inniheldur áður óþekktan kafla og bók um engla sem hann sjálfur hefur skrifað. En er þetta lík af manni eða einhverri annarri veru? *Aðalhlutverk: Christopher Walken, Eric Stoltz og Elias Koteas.*
00.50 Í ljósaskiptunum (e)
01.15 Dagskrárlok og skjáleikur

ÞRIÐJUDAGUR 10. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.25 Dýrlingurinn
18.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Ofurhugar
19.00 Knattspyrna í Asíu
20.00 Brellumeistarinn (16:22)
21.00 Búgarðurinn
(Broken Lance)
Klassísk mynd þar sem segir frá feðgum sem deila svo hatrammlega að ekkert virðist geta bjargað fjölskyldunni frá glötun. Matt Devereaux er umsvifamikill í nautgriparækt. Rekstur hans er ekki öllum að skapi því einhver vill greinilega koma á hann höggi. Matt bregst ókvæða við en það á sannarlega eftir að reynast honum dýrkeypt. *Aðalhlutverk: Robert Wagner, Spencer Tracy, Jean Peters og Richard Widmark.*
22.30 Enski boltinn
Svipmyndir úr leikjum Arsenal.
23.35 Óráðnar gátur (e)
00.20 Í ljósaskiptunum (e)
00.45 Dagskrárlok og skjáleikur

Netfang ritstjórnar
bb@snerpa.is

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Óska eftir **eldhúsborði**, stólum og lítilli kommóðu fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 5354 eftir kl. 14:30.

Kvenfélagið Hvöt í Hnífsdal! **Munið** fundinn miðvikudaginn 4. nóvember kl. 20:00. Föndur og fjör!

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Þorgerður eða Guðmundur í síma 456 3107.

Til sölu er **Suzuki TS70** árg. 1991. Uppl. í síma 456 4359.

Til sölu er grár **Silver Cross** barnavagn og bílstóll fyrir 9 mánaða og eldri. Upplýsingar í síma 456 4585.

Til sölu er Skidoo Summit **snjósleði** árg. 1995. Aðeins ekinn 300 km. Svo gott sem nýr. Verð kr. 580 þús. Upplýsingar gefur Fjalar á kvöldin í síma 456 4915.

Til sölu er **Mazda 626** árg. 1991. Uppl. í síma 456 5446.

Óska eftir hamstri eða páfagauk með búri, helst gefins eða fyrir lítinn pening. Á sama stað er til sölu Lada árg. 1985 fyrir lítinn pening. Þarfnast lagfæringar. Upplýsingar í síma 456 3623.

Til leigu er 2ja herb. íbúð við Túngötu á Ísafirði. Uppl. í síma 456 3683.

Til sölu er 32 mb. EDO vinnsluminni. Einnig haglabyssur, Benelli, hálfsjálfvirk, Brno tvíhleypa, undir/yfir með aukahlaupi og einnig einhleypa. Upplýsingar í síma 894 8822.

Til sölu er vel með farinn **Subaru** station 1800, 4x4, árg. 1988, ekinn 163 þús. km. Bílinn er á nýjum nagladekkjum og nýleg sumardekk fylgja á felgum. Geislaspilari og dráttarkrókur. Verð kr. 390 þús. Upplýsingar gefur Oddur í vs. 456 3911 og hs. 456 4749.

Til sölu er vel með farinn lítill sófi, útdregin drind til að sofa á. Selst ódýrt. Til sýnis að Miðstræti 17 í Bolungarvík. Upplýsingar í síma 456 7173.

Til sölu er tímaritið **Heima er best**, 40 árgangar í góðu bandi. Upplýsingar í síma 451 3213.

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Odds Oddssonar
Tangagötu 15, Ísafirði

Guð blessi ykkur öll

Sigrún Árnadóttir
Árný H. Oddsdóttir Kristján Friðbjörnsson
Sigurður Oddsson Hrefna H. Hagalín
barnabörn og barnabarnabörn.

Atvinna

Starfskraftur óskast á Tannlæknastofuna á Ísafirði frá áramótum.

Upplýsingar í síma 456 3737.

AUGLÝSINGA- OG ÁSKRIFTARSÍMINN ER 456 4560

Körfuknattleikur

Tveir ósigrar í röð hjá KFÍ

Liðsmenn KFÍ hafa tapað tveimur leikjum í röð á undanförnum dögum, fyrst gegn Snæfelli í úrvalsdeildinni og síðan gegn Keflavík í 32-liða úrslitum bikarkeppninnar.

Leikurinn gegn Snæfelli í úrvalsdeildinni sem fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi á föstudagskvöld var ekki mikið fyrir augað enda mikið um mistök á báða bóga. Gestirnir byrjuðu leikinn betur og spiluðu árangursríkar sóknir og vel skipulagða vörn á meðan KFÍ-menn náðu sér engan veginn á strik. Í hálfleik var staðan 40-38 fyrir gestina.

Í síðari hálfleik var aldrei spurning um hvort liðið væri sterkara, gestirnir voru mun betri og héldu forystunni til loka leiks enda voru KFÍ-menn ekki sannfærandi í leiknum og átti Snæfell því sigurinn fyllilega skilinn. Lokatölur leiksins urðu 76-67 fyrir gestina. Eftir fimm umferðir í deildinni eru Ísfirðingar í fjórða sæti deildarinnar með 6 stig, jafnmörg stig og KR, Njarðvík, ÍA og Haukar. Í tveimur efstu sætunum eru Keflavík og Tindastóll með átta stig.

Stigahæstir Ísfirðinga í leiknum voru þeir Ósvaldur Knudsen með 20 stig og James Cason með 17 stig. Stigahæstir hjá Snæfelli voru þeir Bárður Eyþórsson með 23 stig og Birgir Mikaelsson með 19 stig.

Á sunnudagskvöld áttust síðan Keflvíkingar og KFÍ við í 32-liða úrslitum bikarkeppninnar og fór leikurinn fram í Keflavík.

Leikur KFÍ-manna var ekki upp á marga fiska, þeir náðu aldrei að stilla upp sóknarleik og heimamenn stálu boltanum oft og hittu vel úr þriggja stiga skotum, eða samtals 15. Í liði KFÍ var James Cason langbestur, hann skoraði mest og tók mest af fráköstum en aðrir leikmenn náðu sér aldrei á strik.

Stigahæstir í liði KFÍ voru James Cason með 35 stig, Mark Quashie með 16 stig og Ólafur Ormsson með 14 stig. Hjá Keflvíkingum voru þeir Falur Harðarson með 27 stig, Kristján Guðlaugsson 22 og Damon Johnson sem skoraði 21 stig.

Önnur helstu úrslit í bikarkeppninni voru þau að Tindastóll sigraði Stafholtstungnamenn 99-53, Grindavík sigraði Dalvík 107-63, Njarðvík sigraði Reyni Sandgerði 141-74, Haukar sigruðu ÍR með 98 stigum gegn 75, KR sigraði Val 76-65 og Þór sigraði Reyni Hellissandi 127-48.

SÖLUAÐILI GERVIHNATTA-BÚNAÐAR FRUM-MYND VIÐ NORÐURVEG SÍMI 456 4853

Horfur á fimmtudag:
Austan og norðaustan átt, gola eða kaldi. Él við austurströndina, en sumstaðar snjókoma eða slydda um sunnanvert landið. Úrkomulaust og víða bjart veður norðanlands.

Horfur á föstudag og laugardag:
Austlæg átt, víða stinningskaldi eða allhvasst og heldur hlýnandi veður. Snjókoma eða slydda um sunnanvert landið en úrkomulítið norðanlands.

Á sunnudag:
Austan og suðaustan átt, kaldi eða stinningskaldi. Skúrir og 2ja til 5 stiga hiti sunnanlands, en slydda og 1 til 3ja stiga hiti norðanlands.

BEINAR ÚTSENDINGAR SJÓNVARPSSTÖÐVA

SÝN

Miðvikudagur 4. nóvember kl. 16:30
Meistarakeppni Evrópu
Miðvikudagur 4. nóvember kl. 19:30
Barcelona - Bayern Munchen
Miðvikudagur 4. nóvember kl. 21:40
Juventus - Athletic Bilbao
Sunnudagur 5. nóvember kl. 14:45
Manchester United - Newcastle
Sunnudagur 5. nóvember kl. 19:25
AC Milan - Inter

STÖÐ 2

Laugardagur 7. nóvember kl. 14:45
Enski boltinn
Sunnudagur 8. nóvember kl. 16:00
Grindavík- Tindastóll DHL-deildin

TV3 - NOREGUR

Miðvikudagur 4. nóvember kl. 19:00
Galatasary - Rosenborg
Sunnudagur 5. nóvember kl. 13:15
Ítalski boltinn

TV 3 - DANMÖRK

Miðvikudagur 4. nóvember kl. 19:00
Manchester United - Brönby

CANAL+ NOREGUR

Laugardagur 7. nóvember kl. 14:50
Enski boltinn
Sunnudagur 8. nóvember kl. 15:55
Leeds - Sheffield Wednesday

EUROSPORT

Miðvikudagur 4. nóvember kl. 13:00
Tennis í París
Fimmtudagur 5. nóvember kl. 13:00
Tennis í París
Föstudagur 6. nóvember kl. 14:00
Tennis í París
Föstudagur 6. nóvember kl. 22:00
Hjólreiðar í Munchen
Laugardagur 7. nóvember kl. 12:00
Snjóbrettamót í Austurríki
Sunnudagur 8. nóvember kl. 11:00
Kappakstur á Spáni

KR
sunnudaginn
8. nóvember kl. 20.00
íþróttahúsinu Torfnesi

ÓHÁÐ FRÉTTABLAD Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Getraunanúmer
er 408

Sædís ÍS 67 kemur í fylgd nýju Sædísarinnar í Ísafjarðarhöfn, þar sem Vilmundur Reimarsson afhenti hana Byggðasafni Vestfjarða að gjöf. Sædísin er sextug að aldri og skipar merkilegan sess í atvinnusögunni á norðanverðum Vestfjörðum.

JENSEN MADRASSER
MIKIÐ ÚRVAL RÚMA
RÚMDÝNUR EFTIR MÁLI
HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR

Ómetanleg gjöf frá Bolungarvík

Sjóminjasafnið eignast Sædísi

Í síðustu viku bættist enn einn báturinn í flota sjóminjadeildar Byggðasafns Vestfjarða. Það er Sædís ÍS 67, gjöf Vilmundar Reimarssonar útgerðarmanns í Bolungarvík til safnsins. Þetta er hinn mesti happafengur fyrir safnið, því að bátur þessi er á ýmsan hátt hinn merkasti í vestfirskri sögu, smíðaður á Ísafirði og hefur alla tíð verið gerður út frá Ísafirði og Bolungarvík. Nú er skipastóll safnsins orðinn sex bátar.

Sædísin er ein af Dísunum sex, sem útgerðarfélagið Njörður hf. á Ísafirði lét smíða og gerði út, en Kaupfélag Ísfirðinga var stærsti hluthafinn í félaginu. Fyrstu Dísirnar voru Ásdís og Sædís, smíðaðar af Bárði G. Tómassyni skipaverkfræðingi árið 1938 í skipabraut hans á Torfnesi. Sædísin er 15 tonna bátur, smíðaður úr eik og beyki, en allar voru Dísirnar ýmist 14 eða 15 brúttórúmlestir.

Vilmundur Reimarsson um borð í Sædísi við komuna til Ísafjarðar frá Bolungarvík í síðustu viku.

Njörður hf. seldi Sædísina árið 1953 en árið 1956 keypti Vilmundur Reimarsson bátinn í félagi við þrjá aðra menn á Ísafirði og í Bolungarvík. Síðar átti Vilmundur Sædísina við annan mann en undir það síðasta átti hann bátinn einn.

Þess má geta, að smiður Sædísar, Bárður G. Tómasson, vakti fyrstur manna máls á því í grein í blaðinu Vesturlandi árið 1939, að stofnað yrði sjóminja- og byggðasafn Vestfjarða. Hann lagði jafnframt til, að smíðaður yrði sexæringur með gömlu lagi og yrði hann fyrsti vísirinn að slíku safni. Það var gert og var sexæringurinn Ölver fullbúinn sumarið 1941, rétt um það leyti sem stofnað var Byggða- og sjóminjasafn Ísfirðinga, eins og það hét í upphafi. Ölver er nú í Ósvörinni í Bolungarvík og ber aðfanganúmer 1 í Byggðasafni Vestfjarða.

Stýrishúsið sem nú er á Sædísinni er ekki hið upprunalega. Að sögn Jóns Sigurpálssonar safnvarðar er hugmyndin að smíða á bátinn stýrishús eins og var á honum í öndverðu. Einnig er til athugunar að láta hann liggja við legufæri á góðum stað á Pollinum í stað þess að taka hann upp á kamb eins og hina bátana sem safnið á.

Í samtali við blaðið kvaðst Jón Sigurpálsson vilja koma þeirri hugmynd á framfæri, að útvegsmenn og sjómenn stofnuðu sjóð til þess að standa undir kostnaði við endurbætur og viðhald á bátum safnsins.

Stærsti báturinn í eigu Byggðasafns Vestfjarða er Örn ÍS, 19 brúttólesta eikarbátur sem Marzellíus Bernharðsson á Ísafirði smíðaði árið 1942.

EINN Í LAGI.
TVEIR SKAPA VANDAMÁL. ÞRÍR ERU STÓRSLYS.
Frum-mynd Vídeóhöllin
Þar sem úrvalið er!

Björgunarfélag Ísafjarðar stofnað

Hagræðing í rekstri

Björgunarfélag Ísafjarðar var formlega stofnað sl. laugardag, að frumkvæði Hjálparsveitar skáta á Ísafirði og Karladeildar Slysavarnafélags Íslands á Ísafirði, en þau félög ásamt Kvennadeild SVFÍ á Ísafirði keyptu á dögunum sameiginlega nýtt húsnæði undir starfsemi sína.

Fyrst um sinn er Björgunarfélag Ísafjarðar utan landssamtaka, en á stofnfundinum var samþykkt að óska eftir inngöngu í Landsbjörgu og Slysavarnafélag Íslands. Allir núverandi félagsmenn hjálparsveitarinnar og slysavarnadeildarinnar urðu sjálfkrafa félagsmenn í hinu nýja félagi, auk þess sem nokkrir aðrir gerðust stofnfélagar á fundinum. Stjórn hins nýja félags er skipuð núverandi stjórnarmönnum hjálparsveitarinnar og slysavarnadeildarinnar og verður svo fram að fyrsta aðalfundi félagsins á næsta vori.

1978-1998
KÚBA
16.–22. nóv.
SAN FRANCISCO
24.–29. nóv.
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

EINN ER Í LAGI. TVEIR SKAPA VANDAMÁL. ÞRÍR ERU STÓRSLYS.

LÍFIÐ MUN ALLTAF FINNA SÉR LEIÐ...

BRÁÐDREPANDI VEIRA ER KOMIN Á KREIK
HAMRABORG
Sími: 456 3166